

Ólafur Örn var liðsfélagi
Zlatan Ibrahimovic í Svíþjóð

Stýrir einni
öflugustu knatt-
spyrnuakademíu
Noregs



SÍÐA 14

FLJÓTLEGGRI KOSTURINN

Mexíkóskt
þema
í kvöld?



Opnunartími
Hringbraut:
Allan sólarhringinn
Opnunartími
Tjarnabraut:
08.00 - 23.30 Virka daga
09.00 - 23.30 Helgar

Krambúðin

VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 10. JANÚAR 2024 / 2. TBL. / 45. ÁRG.

■ Fjárhagsáætlun samþykkt á fyrsta fundi bæjarstjórnar í Grindavík síðan í október í fyrra:

Algjör forsendubrestur hjá Grindavíkurbæ

„Ljóst er að forsendubrestur fjárhagsáætlunarvinnunnar er algjör og allar fjárhagslegar forsendur eru nú breyttar í rekstri Grindavíkurbæjar. Fjárhagsáætlun bæjarfélagsins og stofnana fyrir árin 2024–2027 er því sett fram með mikilli óvissu. Fyrir liggur að tekjur Grindavíkurbæjar muni dragast saman á árinu 2024 en kostnaður mun ekki dragast saman samhliða tekjutapinu,“ segir í afgreiðslu bæjarstjórnar Grindavíkur á þriðjudaginn. Þetta er fyrsti fundur bæjarstjórnarinnar í heimabænum síðan í október á síðasta ári en stjórnkerfi Grindavíkurbæjar hefur haft aðsetur í ráðhúsi Reykjavíkur frá því að Grindavík var rýmd 10. nóvember í fyrra.

Fjárhagsáætlun Grindavíkurbæjar fyrir árin 2024–2027 var stærsta málið á fundinum og var hún samþykkt samhljóða fyrir Grindavíkurbæ og stofnanir. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að leik- og grunnskóli muni starfa utan Grindavíkur fram á vor 2024 en að næsta skólaár muni starfsemin vera starfrækt í Grindavík eins og áður hefur komið fram.

Umfram allt gerir fjárhagsáætlun ráð fyrir innviðauppgjöngu og viðhaldi til að tryggja

öryggi bæjarbúa og stuðla að uppbyggingu samfélagsins með sem bestum hætti. Árið 2024 mun einkennast af viðaukum við fjárhagsáætlun vegna reksturs og fjárfestinga. Rekstur Grindavíkurbæjar hefur verið góður og ábyrg fjármálastjórn er bæjarfélaginu gott veganesti fyrir þá vinnu sem framundan er, segir einnig í afgreiðslu fundarins.

Rekstrarniðurstaða A-hluta fyrir árið 2024 gerir ráð fyrir halla að fjárhæð 241,5 milljónir króna.



Í samanteknum reikningsskilum er halli að fjárhæð 371,6 milljónir króna, en við fyrri umræðu var gert ráð fyrir jákvæðri afkomu að fjárhæð 380 milljónir króna. Á árinu 2024 mun handbært fé lækka um 773,5 milljónir króna og verða í árslok 359,9 milljónir króna.

Þá kom fram á fundinum að sveitarfélagið getur ekki leitað í úrræði ríkisins vegna launa, því frumvarpið nær eingöngu til launafólks og atvinnurekenda á almennum vinnumarkaði, auk sjálfstætt starfandi einstaklinga að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Grindavíkurbær þarf því á eigin vegum að standa straum af launakostnaði starfsmanna Grindavíkurbæjar á meðan ástandið varir.

A vef VÍKURFRÉTTA má sjá viðtal við Ásrúnu Helgu Kristinsdóttur, forseta bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar, sem tekið var fyrir bæjarstjórnarfundinn.



Frá fundi bæjarstjórnar Grindavíkur, sem haldinn var í Grindavík á þriðjudag í þessari viku - VF/Hilmar Bragi



Púkafljör á þrettánda

Síða 4



Síða 9

Stefnir til
Grindavíkur
með skærin



Síða 10

Kátt á hjalla
hjá Bíbbanum

VIÐ SÝNUM ALLAR EIGNIR, FÁÐU TILBOÐ Í FERLIÐ.

ALLT
FASTEIGNASALA



DÍSA
DISA@ALLT.IS
560-5510



ÁSTA MARÍA
ASTA@ALLT.IS
560-5507



HELGA
HELGA@ALLT.IS
560-5523



ELÍNBOG ÓSK
ELINBOG@ALLT.IS
560-5509



UNNUR SVAVA
UNNUR@ALLT.IS
560-5506



ELÍN
ELIN@ALLT.IS
560-5521



HAUKUR
HAUKUR@ALLT.IS
560-5525



SIGURJÓN
SIGURJON@ALLT.IS
560-5524



PÁLL
PALL@ALLT.IS
560-5501

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM

Húsnæði Keilis á Ásbrú auglýst til sölu

- Vilja einbeita sér alfarið að menntun.
- Sameining við Fjölbrautaskóla Suðurnesja sett á ís.



Páll Ketilsson
pket@vf.is

„Núverandi húsnæði Keilis að Grænásbraut 910 er talsvert of stórt fyrir námsbrautirnar okkar enda fer stór hluti þeirra fram í fjarnámi, einhver hluti í atvinnulífinu og jafnframt í húsakynnum samstarfsaðila. Það er því hluti af endurskipulagningu í rekstri að leigja frekar hluta af núverandi húsnæði í stað þess að vera sjálf í hlutverki útleigjanda líkt og Keilir hefur verið í áráraðir,“ segir Nanna Kristjana Trausta-dóttir, framkvæmdastjóri Keilis á Ásbrú en um síðustu helgi var allt húsnæði skólans auglýst til sölu, alls 5.500 m² bygging á 22.500 fm lóð. Dótturfélag Keilis, Fasteignafélagið Keilir ehf. er eigandi húsnæðisins.

Nanna segir að síðustu ár hafi verið unnið að því að einblína á kjarna-

starfseminna í Keili og leggja áherslu á menntun frekar en rekstur húsnæðis. Keilir hefur t.a.m. undið ofan af leigu á íbúðarblokkum á Ásbrú á síðastliðnum árum og hefur þeim hluta starfseminnar nú verið hætt.

„Það styrkir reksturinn fyrst og fremst að færa fókussinn alfarið að menntun og þeim námsbrautum sem við reukum. Keilir er tiltölulega lítil skóli með námsbrautir á framhaldsskólastigi og við viljum í rekstri leggja okkar orku í og þekkingu þar,“ segir Nanna en rekstur Keilis hefur verið erfiður í nokkuð langan tíma. Þar telur hæst starfsemi flugskóla sem nú hefur verið hætt.

Vinna við sameiningu framhaldsskóla á landinu fór fram á síðasta ári og skoðuð var sameining Keilis og Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

„Hvað varðar sameiningarhugmyndir barna- og menntamálaráðuneytisins á síðastliðnu ári þá var unnin fýsileikakönnun þess efnis og ég get uppljóstrað að þar komu

bæði fram kostir og gallar við mögulega sameiningu. FS er rótgróinn og góður hefðbundinn ríkisrekinn framhaldsskóli á meðan Keilir spratt upp úr annars konar nálgun við menntun á sínum tíma. Hugmyndafræðin í Keili og námsbrautir hafa sannað sig í gegnum árin og aðsóknin þar er góð. Því miður hefur sú þróunarvinna og þreifingar í úrvali námsbrauta oft kallað á fjárhagslegt ójafnvægi í rekstrinum og Keilir hefur uppskorið neikvæða atvæði af þeirri ástæðu á sama tíma og námsbrautir ganga mjög vel. Samstarf og eða samráð er oftan ekki af hinu góða og ég trúi því að ráðuneytinu hafa gengið gott eitt til með sínum hugmyndum. Mikilvægast af öllu varðandi sam-



Fasteignafélagið Keilir ehf. er eigandi Grænásbrautar 910. Fasteignafélagið Keilir er dótturfélag Keilis.

einingarhugmyndir framhaldsskóla í Reykjanesbæ er þó ekki háð því hvernig íbúar svæðisins vilja sjá menntunarráðði í heimabyggð út frá þörfum á hverjum tíma. Skólaumhverfi verða að hreyfast og þróast með samfélaginu hverju

sinni, en það er akkúrat gott dæmi um einn mesta styrkleika Keilis,“ segir Nanna.

Sameiningarhugmyndir voru settar til hliðar í lok síðasta árs og ráðherra sagði að skoða þyrfti málið betur.

Banaslys á Grindavíkurvegi

Hjónin sem létust í bílslysi á Grindavíkurvegi á föstudag hétu Margrét Á. Hrafnadóttir, fædd 1960, og Frimann Grímsson, fæddur 1958. Þau voru búsett í Sandgerði. Þau láta eftir sig tvö uppkomin börn, tengdabörn og barnabörn.

Tilkynnt var um slysið til Neyðarlínu um klukkan 11:35 og fóru viðbragðsaðilar strax á vettvang. Tvö ökutæki voru utan vegar þegar lögregla og viðbragðsaðilar komu að. Ökumaður og farþegi annars

ökutækisins voru úrskurðuð látin á vettvangi.

Rannsókn lögreglu miðar að því að upplýsa um tildrög slyssins. Rannsóknarnefnd samgönguslysa var upplýst og tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fengin til aðstoðar vettvangsrannsóknar. Grindavíkurvegi var lokað um tíma á meðan vettvangsrannsókn fór fram. Mikil hálka var á slysstæð en veðurastæður góðar, segir í tilkynningu frá lögreglunni á Suðurnesjum.

Kenning um að gas hafi myndað ganginn undir Grindavík heldur ekki vatni

Kvikugangurinn sem myndaðist í náttúruhamförum við Grindavík þann 10. nóvember 2023 er Grindvíkingum hugleikinn. Hann er áhrifavaldur í lífi allra Grindvíkinga, sem var gert að rýma heimili sín í Grindavík að kvöldi 10. nóvember, þegar neyðarstigi almanna-varna var lýst yfir. Grindvíkingar máttu ekki gista á heimilum sínum vikum saman en það var ekki fyrr en á Þorláksmessu sem lögreglustjórinn á Suðurnesjum heimilaði veru í húsum allan sólarhringinn. Það gera heimamenn þó á eigin ábyrgð, eins og ítrekað hefur verið nokkrum sinnum.



Hilmar Bragi Bårdarson
hilmar@vf.is

Þeir sem harðast fara fram í því að lífið komist aftur í fastar skorður í Grindavík, og bæjarbúar flytji aftur heim, hafa jafnvel haldið því fram að enginn kvikugangur liggir undir byggðinni í Grindavík. Hamfarirnar 10. nóvember séu vegna hreyfinga á flekaskilum og það hafi verið gas en ekki kvika sem myndaði ganginn sem er um 15 kílómetra langur og liggur frá suðvestri í norðaustur frá sjó og inn á Reykjaneskagann.

Aðeins ein kenning heldur vatni

Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands, segir í samtali við Víkurfréttir ýmsar kenningar hafa komið fram um kvikuganginn, sem m.a. liggur undir Grindavík, en bara ein sem haldi vatni.

Magnús Tumi segir mælingarnar sýna mikla gliðnun í Grindavík. Sprungurnar á yfirborði eru samantlagð gliðnun upp á nokkra metra en þær mynduðust á nokkrum

dögum í kjölfar hamfaranna þann 10. nóvember.

Vísindamenn Háskóla Íslands og Veðurstofu Íslands hafa eftirfarandi gögn um hvað þarna var á ferðinni:

Fyrst skal nefna jarðskjálftamælingarnar. Þá eru GPS-mælingar, gervitunglamyndir og bylgjuvæxl-mælingar ásamt kortum sem unnin voru eftir atburðinn sem sýna af-lögun. Þá eru óbein gögn sem eru t.d. mælingar á gasi sem sleppur út í andrúmsloftið.

Eingöngu kvika getur verið skýringin

Hvernig túlkar þú það sem gerðist?

„Ekki er hægt að skilja jarðskjálftamælingarnar og aflögunina öðruvísi en að allt að átta metra gliðnun hafi orðið undir Grindavík vestanverðri neðan eins til eins og hálf kílómetra dýpis. Það gerðist að mestu 10. nóvember. Bergið ofan við sat eiginlega eftir og var að aðlagast í nokkra daga og þess vegna myndast sprungurnar á þeim tíma.“

Magnús Tumi segir að eitthvað hafi farið inn í þetta rými sem varð



Magnús Tumi Guðmundsson.

til og gefur sér tvo möguleika, gas eða kvika.

„Ef það var gas, sem náði þá upp á eins til eins og hálf kílómetra dýpi, hefði þurft að vera á því gríðarlegur þrýstingur. Ef ekki, hefði kvikan sem þarna kom upp og fyllti sprunguna norðar [frá Hagafelli og norður fyrir Stóra-Skógfell] fossað með gríðarlegum látum inn í rýmið, því það eina sem hefði haldið aftur af henni hefði verið mjög mikill móþrýstingur gassins.“

En segjum samt að þarna hafi gas verið á ferðinni. Þá er útilokað að það væri þarna ennþá því þakið yfir er brotið og lekt svo gasið hefði streymt upp. Ekkert af þessu gerðist, sem þýðir að eingöngu kvika getur verið skýringin. Það er líka í takt við allt það sem jarðfræðin sýnir okkur í rofnum stafla, hvergi finnast merki um „gashólf“. Ef þetta var kvika, þá gengur allt upp. Þá fossaði kvikan suður og fyllti upp í rýmið sem myndaðist. Hún er þar ennþá, en að mestu storknuð.“

Með hliðstæðu úr Kröflueldum

Magnús Tumi segir að hliðstæð atburðarás hafi sést í Kröflueldum. „Þar flæddi kvika neðanjarðar alla leið undir Öxarfjörð frá Kröflu í fyrsta atburðinum. Gliðnunin var hvað mest þar norður frá. Sennilega vegna þess að þegar kvikugangurinn mætir mótsstöðu nærri endanum þá þrýstir kvikuflæðið landinu út til hliðanna, af því kvikan kemst ekki lengra.“

Gaslíkanið gengur mjög illa upp

„Þannig að gaslíkanið gengur mjög illa upp, meðan kvikulíkanið gengur vel upp,“ segir Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands, í samtali við Víkurfréttir.



Sprungu í gegnum Austurveg í Grindavík. Mynd: Vilhelm Gunnarsson

Allt hreint
Umhverfissvottuð ræstingarþjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

ARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

Allt fyrir helgina!

Tilboðin gilda 11.–14. janúar



KJARNAFÆÐI

Nautgripahakk, 500 g

896 kr/pk
1.299 kr/pk

31%

ÍSFLUGL

Kalkúnahakk, 600 g

559 kr/pk
799 kr/pk

30%

GOÐI

Lambasvið

579 kr/kg
999 kr/kg

42%

Durumbrauð, 612 g

400 kr/stk
799 kr/stk

50%

Sitrónur

351 kr/kg
439 kr/kg

20%

Ferskur ananas

272 kr/kg
389 kr/kg

30%

Krossmói
Opið 10–19

Íðavellir
Opið 10–21



Betra verð með appinu!



Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Jólin kvödd í Reykjanesbæ



Vikurfréttamyndir: Hilmar Bragi



Þrettándaglegðin í Reykjanesbæ hófst með blysför frá Myllubakkaskóla þar sem gengið var í fylgd álfakóns, drottningar og hirðar þeirra að hátíðarsvæði við Hafnargötu 12. Sjá mátti tröll, púka og alls kyns kynja-verur verða á sveimi á svæðinu. Þrettándabrenna var við Ægisgötu sem logaði glatt á meðan þrettándasöngvar voru sungnir. Dagskránni lauk svo með glæsilegri flugeldasýningu sem Björgunarsveitin Suðurnes annaðist en dagskrá þrettándans var í umsjón Karla-kórs Keflavíkur, Kvinnakórs Suðurnesja, Leikfélags Keflavíkur, Skátafélagsins Heiðabúa, Björgunarsveitarinnar Suðurnes og Lúðrasveitar Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.



Reykjanes Optikk



Við erum á Aðaltorgi - verið velkomin!

Áratuga reynsla Sjónmælingar
Góð þjónusta Linsumælingar
Falleg vara Sjónþjálfun
Nýjungar í sjónglerjum og tækjum

Tímamantanir í síma 420-0077 og á heimasíðu www.reykjanesoptikk.is
Fylgdu okkur á Instagram og Facebook @reykjanesoptikk.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

JAKOBÍNA ANNA OLSEN
Hólagötu 31, Ytri-Njarðvík,



Iést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 7. janúar.
Útförin fer fram frá Keflavíkirkirkju fimmtudaginn 18. janúar klukkan 13.

Jenný Emilía Olsen Gunnar Jónatansson
Magdalena Olsen Valgeir Þorláksson
Karl Hinrik Olsen Elísabet Olsen
Rósbjörg S. K. Olsen Rafn Guðbergsson
Olav Ingvald Olsen Guðrún Halldórsdóttir
† Jakobína Anna Olsen Tómas Guðlaugsson
Sólbjört Olsen
Sara K. Olsen
Agnar Már Olsen
börn þeirra og fjölskyldur.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

ÞÓRUNN GOTTLIEBSDÓTTIR
Njarðarvöllum 2, Reykjanesbæ,



Iést á Hrafnistu Nesvöllum sunnudaginn 31. desember.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Brimhildur Jónsdóttir
Ríkharður Jónsson
Hrafn Jónsson Álfhildur Guðlaugsdóttir
Margrét Jónsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

ÞRETTÁNDINN Í VOGUM



Jólin voru kvödd með pompi og prakt í Vogunum á þrettándanum. Kvenfélagið Fjóra hélt fjóruga dansleik í félagsmiðstöðinni fyrir yngri kynslóðina þar sem krakkarnir dönsuðu og fóru í leiki.

Eftir dansleikinn bauð Lionsfélagið Keilir upp á heitt súkkulaði, kaffi og bakkelsi í Lionshúsinu. Skógræktarfélagið Skógfell sá svo um að grilla sykurpúða fyrir íbúa bæjarins. Þá komu Grýla og Leppalúði og spjölluðu við börnin. Engum var meint af og allir komust heilir á húfi heim enda hjónin bæði orðin grænkerar og löngu hætt að borða börn.



Njarðarvöllir 6

Íbúðir fyrir 55 ára og eldri



**Opið hús föstudaginn 12. janúar kl. 16–17
og sunnudaginn 14. janúar kl. 13–15.**

Yndislegt líf á Njarðarvöllum

Kynnum með stolti nýjar 40 til 100 fermetra, tveggja og þriggja herbergja íbúðir í fjölbýlishúsi fyrir 55 ára og eldri við Njarðarvelli 6 í Reykjanesbæ. Innangengt er yfir í þjónustuhús á Nesvöllum. Bílakjallari fylgir flestum íbúðunum. Þá er aðstaða fyrir alla íbúa í lokuðu rými í kjallara til að þrifa bíla. Inngarður er skjólgóður og skartar púttvelli og ríku gróðurfari.

Nánari upplýsingar á nv6.is



PRODOMO
FASTEIGNASALA

Hafnargata 15, 230 Reykjanesbæ,
Sími: 4204030, prodomo@prodomo.is

STUÐLABERG
FASTEIGNASALA

Hafnargata 20, 230 Reykjanesbæ,
Sími: 420-4000, studlaberg@studlaberg.is

Brimketill hlýtur umhverfis- verðlaun Ferðamálastofu

Ferðamálastofa veitti Reykjanes Geopark Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu fyrir árið 2023 fyrir uppbyggingu við Brimketil skammt vestan Grindavíkur. Um er að ræða áhugaverðan ferðamannastað á Suðurnesjum þar sem hægt er að sjá þann kraft sem býr í Norður-Atlantshafinu þegar brimið skellur á klettunum. Öldugangur og ytra álag hefur smátt og smátt mótað bolla og katla í basaltið. Þarna má sjá Brimketil sem er sérkennilegur ketill í sjávarborðinu sem minnir helst á heitan pott á sólríkum degi. Áður gat skapast mikil hætta þegar fólk fór út á úfið hraunið sem er sprungið og gróft með úfnum jöðrum og yfirborði.

Áhersla á aukid öryggi og bætt aðgengi

Um er að ræða framkvæmdir til að bæta öryggi og aðgengi ferða-

manna. Nauðsynlegt þótti að skilgreina aðkomu að áningarstaðnum ásamt því að útbúa útsýnispall og stíga sem falla að landslaginu. Reykjanes Geopark hefur hlotið fimm styrki frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða fyrir Brimketil. Í upphafi var unnið deiliskipulag fyrir svæðið umhverfis Brimketil þar sem lögð var áhersla á bætt og öruggara aðgengi. Í framhaldi var útbúinn útsýnispallur, bílastæði

afmarkað, göngustígur mótaður ásamt skiltum með upplýsingum um svæðið. Nú síðast var farið í að stækka útsýnispallinn ásamt því að að gera hann öruggari og bæta aðgengi. Framkvæmdaverkefni ríma vel við áherslur Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða er varða öryggi og bætt aðgengi að ferðamannastað.



Brimketill skammt vestan Grindavíkur.

Reykjanes jarðvangur hlýtur endur- vottun

Á fundi stýrihóps UNESCO hnatt-rænna jarðvanga sem haldinn var 7.-8. desember var umsógn úttektaraðila frá því í sumar tekin fyrir og niðurstaða fundarins er að Reykjanes jarð-



vangur fengi græna spjaldið að nýju fyrir næstu fjögur ár.

UNESCO, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, viðurkendi Reykjanes sem UNESCO Global Geopark árið 2015. Það er ekki þar með sagt að Reykjanes jarðvangur geti flaggað þeim fána að vera UNESCO Global Geopark um ókomna tíð án þess að vinna fyrir því. Jarðvangur um allan heim fara í gegnum úttekt á fjögurra ára fresti að jafnaði. Þar eru framfarir og störf jarðvangsins skoðuð og einnig hverju þarf að vinna betur að o.s.frv. Eftir úttektina liggur fyrir niðurstaða sem getur farið á þrjú vegu; rauða, gula, og græna kortið. Fáir jarðvangur rauða kortið missir hann titilinn UNESCO Global Geopark, gula kortið gefur jarðvangnum aðeins tvö ár til að bregðast hratt við tillögum til umbóta.

Græna kortið er svo besta mögulega útkoma þar sem jarðvangnum eru gefin fjögur ár til að vinna að tillögum til umbóta. Reykjanes jarðvangur fékk græna kortið í sinni fyrstu úttekt árið 2019 og aftur núna 2023 í sinni annarri úttekt. Það er óhætt að segja að það góða starf sem hefur farið fram á Reykjanesi undanfarin ár hefur skilað þessum frábæra árangri. Stofnaðilar og stjórn Jarðvangsins á Reykjanesi eru því afar stoltir af verkefninu og ætla að vinna áfram að því að styrkja stoðir jarðvangsins.

„Það að fá hæstu einkunn er gríðarlega þýðingarmikið fyrir jarðvanginn og fyrir alla sem að honum standa. Þetta er á sama tíma hvatning til að halda áfram að gera vel og styrkja enn frekar stoðir Reykjanes jarðvangs,“ sagði Daníel Einarsson, verkefnastjóri Reykjanes Geopark, í tilefni af áfanganum.

Umferðaröryggi í Reykjanesbæ

Reykjanesbær efnir til stafræns íbúasamráðs vegna vinnu við umferðaröryggisáætlun í sveitarfélaginu.

Á vef Reykjanesbæjar er umferðargátt þar sem öllum íbúum gefst tækifæri á að senda inn ábendingar um hættustaði sem þeir upplifa í umferðinni.

Umferðargáttin verður opin til 1. febrúar nk.

Tryggjum saman öryggi í umferðinni
Sendu inn þínar ábendingar



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTTILEIKANS



Bíbbinn er einn af Grindvíkingum ársins

Uppskriftin af BÓSÓ-sósunni svipað hernaðarleyndarmál og uppskriftin af Coca-Cola.

Þær eru ófáar veislurnar sem Bjarni Ólason, eða Bíbbinn eins og hann er oft kallaður, hefur útbúið fyrir Grindvíkinga og annað Suðurnesjafólk í gegnum tíðina. Bjarni er menntaður matreiðslumeistari, rak Festi í Grindavík um tíma, rak veitingastaði, var deildarstjóri Kaupfélagsins í Grindavík, hefur kokkað á Norrænu, í golfklúbbi í Danmörku og svona mætti lengi telja. Hann er fæddur og uppalinn í Keflavík, var í hópi margra frábærra knattspyrnumarkvarða sem komu upp þar um svipað leyti en lék mestan hluta ferils síns með Grindavík, þangað sem hann var fluttur fyrir tvítugt þegar hann kynntist konunni sinni, Valdís Kristinsdóttur. Bjarni og Valdís eiga tvö börn, þau Rósu Kristínu og Óla Baldur, sem bæði eru gift og búsett í Grindavík. Bjarni lítur á sig sem mikinn Grindvíking í dag enda meira ættaður þaðan en Valdís konan hans.

VF GRINDAVÍK

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vt.is



Bjarni sleit barnsskónum í Keflavík og var líka mikið í Sandgerði því foreldrar hans, Óli Baldur Bjarnason og Gunnþórunn Gunnarsdóttir, ráku verslunina Ölduna. Þar komst hann hugsanlega upp á lagið varðandi hvaða slóð hann myndi feta á atvinnubrautinni. „Ég hjálpaði mömmu og pabba mikið í sjoppunni sem var í senn almenn sjoppa með skyndibita, gjafavöru og seldi líka fatnað. Ég var mikið í að skræla kartöflur og forsteikja áður en þær urðu að frönskum kartöflum. Eftir gagnfræðiskólann fór ég að vinna og skráði mig svo í Hótel- og veitingaskóla Íslands árið 1978 þegar ég var átján ára gamall. Starfsnámið kláraði ég hjá Magnúsi Björnssyni á Aski á Laugarvegi og útskrifaðist á tilskildum fjórum árum, árið 1982. Valdís kláraði kennaranám sitt á sama tíma og við fluttum til Grindavíkur, keyptum efri hæðina í Ásgarði á sex hundruð þúsund krónur, íbúð sem var rúmir 100 fermetrar. Svona var verðlagið á þeim tíma, ég fékk að borga íbúðina á einu ári, 50 þúsund um hver mánaðarmót og fékk alltaf kvittun nema í síðasta skiptið, þá var ekki til kvittun svo Birna Óladóttir sem sá um söluina fyrir hönd Ásgarðssystkinanna, hripaði á ónotaðan kaffipoka að ég hefði greitt síðustu greiðsluna og ég fékk svo afsalið í kjölfarið og átti þá íbúðina. Kaupin náði ég að hluta til að fjármagna með sölu á BÓSÓ hamburgurum og samlokum, við Siggi babló [Sigurður Ólafsson, kenndur við Baldurshaga] fórum í samstarf þar sem við steiktum hamburgara og gerðum samlokur sem við nefndum eftir upphafsstöfunum okkar, BÓSÓ. Bangsi í Bárinni keypti hamburgara af okkur í tonnavís, mamma og pabbi seldu þetta í Sandgerði og borgarnir voru seldir víðar á Suðurnesjum en galdurinn á bak við þá var BÓSÓ-sósan, uppskriftin er hernaðarleyndarmál!“

Kaupfélagið, Festi og kokkastörf um víðan völl

Eftir að Bjarni flutti til Grindavíkur, réði hann sig fyrst hjá Íslenskum aðalverktökum uppi á velli og vann í mótuneytinu fyrir



Bjarni og Valdís ásamt börnunum sínum, Rósu og Óla Baldri, þegar Bjarni var kokkur á Norrænu.

”

Ég hjálpaði mömmu og pabba mikið í sjoppunni sem var í senn almenn sjoppa með skyndibita, gjafavöru og seldi líka fatnað. Ég var mikið í að skræla kartöflur og forsteikja áður en þær urðu að frönskum kartöflum ...

þá og fór svo í starf hjá Kaupfélaginu sem þá var í Grindavík. „Ég var fyrst í kjötbörðinu en tók svo við af Sigurði Sveinbjörnssyni sem verslunarstjóri og var með búðina næstu árin og tók sömuleiðis við Festi árið 1986 og rak í tvö ár. Það var skemmtilegur tími, ég náði í lokin á vartíðarbolunum og oft var mikið stuð í þessu fræga félagsheimili sem ég hef saknað allar götur síðan það lagðist af í þeirri mynd. Ég samdi öðruvísi en forverar mínir, borgaði bara leigu þegar ég var með eitthvað í gangi en ég fór út úr Festi árið 1988, þá var ansi mikið farið að fjara undan þáverandi rekstrarfyrirkomulagi.

Þegar ég hætti með Festi var ég sömuleiðis hættur í Kaupfélaginu og réði mig þá sem kokk á veitingastað við Bláa lónið, Víkurlón. Síðar meir eignaðist ég hlut í því



Bjarni og Valdís ásamt afa- og ömmubörnum sínum.



Eitt af áhugamálum Bjarna er veiði.

fyrirtæki og tókum við félagarnir aftur við Festi og var ég í þessu fram til 1996, þegar við fjölskyldan fluttum til Esbjerg í Danmörku og bjuggum þar í tæp þrjú ár. Ég réði mig sem kokk á Norrænu og var um tíma kokkur í einkagolfklúbbi í Esbjerg sem var eingöngu með háttsetta aðila, m.a. úr viðskiptalífinu. Þegar við fluttum svo heim byrjaði ég að kokka í Officeraklúbbnum uppi á flugvelli og var þar í nokkur ár, þar til ég fór á Kárahjúka árið 2005. Það var mikið ævintýri, ég byrjaði á að elda ofan í nokkra tugi munna en færði mig svo niður á Reyðarfjörð og eldaði ofan í 1.500 manns hjá norska fyrirtækinu EES sem var undirverktaki Bechtel sem byggði álverið þar. Á leiðinni heim árið 2007 tók ég að mér að elda fyrir Friðrik Pálsson á litlu hóteli sem heitir Hrauneyjar og það var síðasta fulllaunada kokkastarfið mitt því ég fór svo að smíða hjá bróður mínum en hef verið starfsmaður Isavia uppi á flugvelli síðan 2008. Í dag er ég hópstjóri í gátstöðvardeild, sem felst í aðgangsstjórnun annarra en farþega inn á flugvöllinn,“ segir Bjarni.

Grindvíkingur ársins með óteljandi veislur

„Maður er manns gaman“ er orðaltækni sem á vel við Bjarna, hann þrífst best innan um annað fólk og venjulega er kátt á hjalla hjá honum. Þær eru ófáar veislurnar sem hann hefur tekið að sér, smáar sem stórar, og líklega er ekki til sá Grindvíkingur sem hefur ekki einhverja tíma gætt sér á einhverju góðu sem Bjarni hefur eldað. „Ég er fyrir löngu búinn að missa töluna á öllum heim veislum sem ég hef séð um. Ég hef alltaf verið boðinn og búinn að aðstoða íþróttadeildir UMFG þegar kemur að matseld, má þar nefna herrakvöldin, adventukvöldin, saltfiskveislurnar, þorrablótin og lokahófin og hef ég aldrei þegið greiðslu fyrir þetta. Einnig hef ég séð um kúttmagakvöldin fyrir Lionsklúbb Grindavíkur í mörg ár. Mér þótti vænt um að vera valinn Grindvíkingur ársins árið 2018 og einnig hef ég fengið silfurmerki UMFG. Ég hef nú heldur dregið úr þessu undanfarin ár en sé um allt hjá mínu nánasta fólki, t.d. er ferming framundan hjá afastráknum mínum, honum Hafþóri, og nokkrar aðrar fermingar eru eftir svo ég hef ekki alveg lokið leik.“

Markaðurinn Bibbi Henz

Eins og áður kom fram er Bjarni fæddur og uppalinn í Keflavík, hann byrjaði snemma að æfa fótbolta og fljótlega var hann búinn að klæða sig í markmannshanskana. Þorsteinn Ólafsson var fyrirmyndin en nokkrir frábærir keflvískir markmenn eru á svipuðu reki og Bjarni, eins og nafni hans Sigurðsson sem gerði garðinn hvað frægastan með ÍA, Þorsteinn Bjarnason er nokkrum árum eldri og Skúli Jónsson nokkrum árum yngri. „Ég spilaði í yngri flokkum, bæði með Keflavík og líka á Ísafirði þegar ég var þar á sumrin hjá ömmu og afa. Þegar ég var í Keflavík æfði ég og spilaði með KFK og ÍBK. Ég kynntist konunni minni í Grindavík á þorrablóti Staðhverfingafélagsins árið 1976, þá sextán ára gamall, og þegar ég byrjaði í kokkanáminu skipti

”

Ég grínast oft við Valdís mína að ég sé meira skyldur inn í Grindavík en hún, þó svo að hún hafi búið í Grindavík og ég í Keflavík þegar við kynntumst. Ég er mjög mikill Grindvíkingur í mér og hlakka til þegar við getum flutt aftur í bæinn okkar ...

Ég yfir í Grindavík og átti þar frábæran tíma. Félagsskapurinn í kringum fótboltann í Grindavík, sem var á uppleið á þessum tíma undir stjórn Hauks Hafsteinssonar þjálfara, var frábær og liðsandinn var mjög góður, við fórum í margar frábærar ferðir með konunum okkar og börnum. Í dag mæta menn á æfingar, spila leikna og fá svo útborgað, það var ekkert svoléiðis á okkar tíma, menn voru í fótboltanum ánægjunnar vegna og félagsandinn sem skapaðist var alveg einstakur. Um þetta leyti tók ég mig til og bjó til viðurnefni á hina og þessa, m.a. á sjálfan mig, Bibbi Henz. Það kom þannig til að félagarnir voru stundum að fá lánaðan hjá mér bjór og þá sagði ég „Bibbi Henz er aldrei lenz.“ Bibbinn festist út frá þessu við mig einhverra hluta vegna.

Það var líka mjög eftirminnilegt frá þessum fótboltaárum þegar ég og Jónas Þórhallsson fórum í þrjár vikur og æfðum með stórlíði Arsenal. Þetta þótti fréttæmt á sínum tíma, að leikmenn frá litlu líði úr þriðju deild á Íslandi fengu slíkt tækifæri. Kristinn Jóhannsson og Ragnar Eðvarðsson höfðu farið árinu áður, þetta var mjög eftirminnilegt, aðstæður Arsenal voru talsvert betri en þær sem við áttum að venjast á mölinni í Grindavík. Ég æfði allan tímann með aðalíðinu, það var ekki amalegt að fylgjast með sjálfum Pet Jennings í markinu og ekki nóg með það, heldur æfði svo enska landsliðið á æfingasvæði Arsenal fyrir mikilvægan leik á mót Ungverjalandi og við fengum að fylgjast með. Englendirar urðu að vinna leikinn til að komast á HM á Spáni og það

tókst á troðfullum Wembley-vellinum og við Jónas vorum að sjálf-sögðu á leiknum. Ég spilaði svo með Grindavík næstu árin, var m.a. kosinn leikmaður ársins árið 1984 en bauðst svo að fara til Færeyja sumarið 1986 til að spila fótbolta, n.t.t. í Vog á Suðurey. Ég átti frábæran tíma í Færeyjum, eignaðist marga góða vini og hef heimsótt þá oft. Færeyingar eru eitthvert besta fólk í heimi held ég bara, mér finnst alltaf jafn gaman að bregða færeyskunni fyrir mig og spjalla við þá. Ég spilaði svo með Grindavík út '89 tímabilið þegar við komumst loksins upp úr gömlu þriðju deildinni, það var kátt á hjalla þá. Síðasti leikurinn minn var úrslitaleikur um sigur í þriðju deildinni á móti KS. Ég fékk rautt spjald í leiknum og á ennþá eftir að taka bannið út.“

Áhugamálin og framtíðin

Bjarni er orðinn 63 ára gamall og stefnir á starfslok eftir tvö ár en hvernig sér hann nánustu framtíð og lengra fram í tímann í fyrir sér? „Ég grínast oft við Valdís mína að ég sé meira skyldur inn í Grindavík en hún, þó svo að hún hafi búið í Grindavík og ég í Keflavík þegar við kynntumst. Ég er mjög mikill Grindvíkingur í mér og hlakka til þegar við getum flutt aftur í bæinn okkar. Mér sýnist húsið mitt hafa sloppið að mestu, það eru bara einhverjar lítillsháttar sprungur sem ég mun geta lagað sjálfur. Ég stefni á starfslok eftir tvö ár og þá ætlum við Valdís bara að njóta lífsins. Ég hef alltaf haft gaman af veiði og veit fátt betra en taka afa-börnin með mér niður í fjöru að skoða lífið þar. Ég var lengi í golfi en læt pútturinn duga núna, púttur reglulega með mömmu og Dodda bróður, sem er Íslandsmeistari 60 ára og eldri, á púttvellingum við sjúkrahúsið í Keflavík. Þó svo að ég hafi slakað á í eldamennskunni mun ég eflaust taka að mér einhver verkefni, sérstaklega ef farið er á framandi slóðir. Þegar ég fer í veiðiferðir með félögum sé ég venjulega um eldamenskuna, ég hef mjög gaman af því. Annars er bara stefnan sett á að halda áfram að brosa og hafa gaman af lífinu,“ sagði Bjarni að lokum.



Margar frægar kempur, t.d. Guðni Kjartansson þriðji frá vinstri standandi. Bjarni er annar frá hægri í fremri röð.



Líð Grindavíkur sem komst loksins upp úr þriðju deildinni árið 1989.



Bjarni lengst til hægri í fremri röð.



Smábátasjómenn sigldu saman frá Grindavík. Jói sá eini sem fór með bátinn sinn í Þorlákshöfn.

Jói hrappur unir hag sínum vel fyrir austan fjall

Jóhann Guðfinnsson, betur þekktur sem Jói Hrappur, er smábátasjómáður frá Grindavík. Hann hafði forðað sér undan jarðskjálftunum og var því ekki í Grindavík þegar hamfarirnar áttu sér stað þann 10. nóvember. Jói unir hag sínum vel á Selfossi og er með bátinn sinn í Þorlákshöfn, því er stutt fyrir hann að skella sér á hafid. Hugur hans leitar þó heim til Grindavíkur og hann stefnir á að slá aldna sæhetju af stalli en sá er níræður og er ennþá að.

VF GRINDAVÍK

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



Grindvískir smábátasjómenn sigldu saman úr Grindavíkurhöfn nokkrum dögum eftir hamfarirnar, allir nema Jói fóru með bátana í Sandgerði en hann sigldi í austurátt, til Þorlákshafnar. „Ég og konan vorum búin að forða okkur frá Grindavík í sumar-bústaðinn okkar rétt hjá Selfossi svo við vorum ekki á staðnum þegar lætin voru þann 10. nóvember. Fljótlega fengum við íbúð í blokk á Selfossi og þar höfum við unað okkur vel ásamt Helgu Dögg dóttur okkar. Við smábátasjómennirnir töluðum okkar saman og mættum við smábátahöfnina og sigldum saman úr Grindavík í dásemdardæðri. Það var skýrtin tilfinning, ekkert líf við höfnina né í bænum en vonandi munum við snúa aftur sem fyrst. Ég ákvað að beygja í bak á meðan hinir beygðu í stjórn, ég vildi geyma bátinn í Þorlákshöfn því höfnin þar er svo góð. Svo bý ég líka á Selfossi svo það er styttra að komast í bátinn ef mér dettur í hug að róa og ef ég væri tuttugu árum yngri, væri ég sjálfsgott búinn að fara nokkra róðra, veðrið hefur verið svo gott.“

Aftur heim

„Við Jórunn ætlum að flytja heim við fyrsta tækifæri svo ég er ekki farinn að huga að því að gera út frá Þorlákshöfn en við ætlum að leyfa meiri ró að færast yfir áður

en við flytjum. Við höfum það gott hér á Selfossi, erum búin að leigja íbúð í þrjá mánuði svo okkur liggur ekkert á. Ég mun væntanlega róa eitthvað frá Þorlákshöfn, það er stutt í miðin þaðan, Selvogsbankinn ekki langt frá svo það mælir ekkert á móti því.

Hvað er eftirminnilegast frá árinu sem er að líða, fyrir utan rýminguna í nóvember, tja ég skal ekki segja. Er það ekki bara hitt eldgosid og allir jarðskjálftarnir.“

Keypti Hrapp

Jói er orðinn 72 ára gamall, hefur búið í Grindavík síðan hann var þrettán ára en hann er sonur Guðfinns Jóns Bergssonar eða Finna löggú eins og hann var alltaf kallaður í Grindavík. Jói fæddist og ólst upp í Garðabæ en Finni pabbi hans hafði verið í smábátaútgærdi í Grindavík, átti trillu með bróður sínum og reri og Jói var ungur farinn að fara með



Jói með Birni Dór, frænda sínum.

pabba sínum á sjóinn og vissi nokkurn veginn upp frá því hvaða slóð hann myndi feta.

„Pabbi var búinn að vera með trilluna í Grindavík í nokkur ár og svo ákváðu foreldrar mínir að flytja þangað. Pabbi var bæði að róa og var svo verkstjóri, m.a. í Sævík en svo var hann beðinn um að taka að sér lögreglustörf í bænum, var eini lögreglumáðurinn um tíma og var í því allt sitt líf auk þess að vera í ökukenndu. Hans sjóferli lauk því um svipað leyti og minn hófst af fullum krafti. Ég menntaði mig til vélstjóra og keypti svo bát sem hét Hrappur frá Keflavík. Fyrst var ég bara að róa á honum á sumrin og var vélstjóri á vertíðinni en frá og með upp úr 1990 hætti ég í föstu plássi sem vélstjóri og reri meira einn. Fór alltaf einn og einn lausatúr sem vélstjóri en hef eingöngu einbeitt mér að smábátaútgærdinni síðustu ár. Ég er búinn að missa töluna á þeim bátum sem ég hef átt, um tíma átti ég tvo báta en ég er búinn að vera á núverandi Hrappi síðan 2012. Ég hef nýtt mér strandveiðikerfið og hef svo leigt kvóta á veturna. Ég er nú orðinn 72 ára en er samt ungur í anda og við góða heilsu, ég er alls ekki hættur sjómennsku og eigum við ekki að segja að ég stefni á að slá Einar á Hamri út, hann er ennþá að, orðinn 90 ára gamall,“ sagði Jói að lokum.

Nettó keyrir vörur til Grindavíkur

Íbúum Grindavíkur stendur nú til boða, að fá heimsendingu úr netverslun Nettó til Grindavíkur. Keyrt verður með sendingar einu sinni á dag til að byrja með, en umfang verður endurskoðað í samræmi við eftirspurn. Samhliða þessu er verið að meta húsnæði Nettó í Grindavík og hefja endurbætur á þeim skemmdum sem hafa myndast undanfarna mánuði, svo hægt sé að opna verslunina á ný.

„Við ætlum að byrja þetta svona, að keyra út einu sinni á dag og mun bíll fara frá Nettó í Krossmóa um þrjúleysti á daginn. Grindvíkingar þurfa að vera búnir að panta fyrir hádegi því það tekur tíma að taka pantanirnar saman. Svo fer þetta einfaldlega eftir eftirspurn, hversu margir munu nýta sér þjónustuna og ef það verður mikil eftirspurn, munum við fjölga ferðum en þó svo að eftirspurnin verði ekki mikil munum við samt sem áður halda okkur við þessa ferð kl. þrjú. Til að byrja með verður þetta bara virka daga en aftur, ef eftirspurnin verður þannig að við þurfum líka að keyra út um helgar, munum við gera það. Svo vonumst við auðvitað eftir að geta opnað Nettóbúðina í Grindavík sem fyrst,“ segir Heiðar.



Aðeins þrjú hús verið aftengd

Vegna aftengingar á hita og rafmagn í húsum í Grindavík þar sem um alþjón er að ræða vilja HS veitur koma eftirfarandi til íbúa alþjónaðra húsa:

„Af þeim húseignum sem NTÍ hefur metið sem alþjón þá hafa aðeins þrjú viðskiptavinir óskað eftir aftengingu á rafmagn og hita. Við viljum því gjarna koma því til skila til eigenda/umráðamanna fasteigna sem um ræðir að þeir geti haft samband við okkur með því að senda tölvupóst á hsveitur@hsveitur.is eða með því að hringja í síma 422-5200 og óskað eftir aftengingu á hita og rafmagn. Ekki er þörf á aðkomu löggilts rafvirkjameistara.“

Halla veitingakona stefnir á að opna fyrirtækið sitt aftur í Grindavík 15. janúar:



Halla með konunum sínum sem hafa flestar unnið lengi hjá henni. Myndin er tekin í húsnæði Skólamatar í Reykjanæsbæ þar sem starfsemi Hjá Höllu hefur verið að undanfögnu.

„Hlýt að þurfa íhuga vel hvort það besta í stöðunni sé að búa og vera með starfsemi í Grindavík“

„Viðskiptavinir okkar hafa allir sýnt okkur mikinn skilning, fólk hefur verið okkur trútt,“ segir Halla María Svansdóttir, eigandi veitingaþjónustunnar hjá Höllu. Halla hefur rekið veitingastað í Grindavík og í Leifsstöð og keyrir út hundruð matarskammta í hádeginu. Hún var nýlega búin að festa kaup á öðru húsnæði en það er líklega ónýtt eftir hamfarirnar og er beðið eftir ákvörðun hjá Grindavíkurbæ varðandi skipulagningu á byggingu á nýju húsnæði.

Það hefur verið mikil áskorun hjá grindvískum atvinnurekendum að halda úti starfsemi, Halla hefur ekki farið varhluta af því. „Staða okkar er svipuð og þegar var rýmt, við bíðum bara eftir rétta augnablikinu að fara aftur til Grindavíkur og hefja starfsemi, eins og sakir standa stefnum við á að flytja okkur 15. janúar. Við gátum ekki byrjað fyrr því fráveitan skemmdist þar sem við erum með starfsemiina en svo fór að gjósa og þá fannst okkur eðlilegast að bíða aðeins og sjá hvernig hlutirnir myndu þróast. Ég var nýlega búin að festa

kaup á atvinnuhúsnæði í iðnaðarhverfinu í Grindavík, keypti af Ólafi Sigurpálssyni sem var þar með fiskverkun. Ég þurfti stærra húsnæði og gat komist í þá flötu aðstöðu sem Ólafur var búinn að byggja upp en því miður lenti það húsnæði í klónum á hamförunum og er væntanlega ónýtt. Ég veit ekki hvað við gerum með það, nú bíðum við bara og sjáum hvað Grindavíkurbær gerir varðandi skipulagningu á byggingarsvæði. Náttúruhamfaratryggingar bíða eftir þessum svörum líka og vonandi komast þessi mál á hreint

sem fyrst, óvissan er svo erfið við að eiga. Ef þetta ástand verður viðvarandi næstu árin hlýt ég að þurfa íhuga vel hvort það besta í stöðunni sé að búa og vera með starfsemi í Grindavík, það gefur auga leið að það gengur ekki til lengri tíma lítið ef þetta er það sem koma skal.“

Halla og eiginmaður hennar, Sigurpáll Jóhannsson, eiga íbúð í 101 Reykjavík svo umskipti þeirra voru líklega auðveldari en margra annarra. Halla sér fram á að byrja gista í Grindavík aftur á ný.

„Það var gott að geta flutt sig á hitt heimilið okkar í Reykjavík en það var vissulega skrytið að keyra svo þaðan til vinnu. Við munum pottþétt gista eina og eina nótt í Grindavík þegar við hefjum aftur starfsemi og kannski flytjum við bara alfarið strax. Ég vil nú samt sjá næsta eldgos koma upp áður en ég flyt alfarið, ég er samt ekki beint

hrædd við þetta en það verður erfitt að halda úti starfsemi í Grindavík og búa þar ef við þurfum reglulega að vera flýja bæinn okkar. Viðskiptavinir okkar hafa allir sýnt okkur mikinn skilning, fólk hefur verið okkur trútt en ef við getum ekki veitt þjónustuna, er ekki víst að viðskiptavinirnir geti sýnt okkur endalaus biðlund. Við vorum að keyra út um 300-400 matarskammta, vorum með veitingastað í Grindavík, uppi á flugvelli og með flugvélamatinn fyrir áhafnir Play. Sem betur fer hafa kollegar mínir í Reykjanæsbæ getað hlaupið undir bagga með okkur og fyrir það er ég mjög þakklát. Vonandi getum við samt hafið fulla starfsemi á ný sem fyrst,“ sagði Halla að lokum.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vif.is

Lífið færir í átt að eðlilegu ástandi í Grindavík:

Olískaffið byrjað á ný

Fastur póstur í tilveru nokkurra Grindvíkinga er hið svokallaða Olískaffi en þangað eru menn mættir klukkan hálfátta alla virka morgna og leysa heimsmálin yfir kaffibolla. Eðlilega lagðist þetta af við rýminguna en Olís opnaði á mánudagsmorgun á tilsettum tíma, við mikla kátinu þeirra sem mættu.

Jón Gauti Dagbjartsson er útibússtjóri Olís í Grindavík. „Ég er mikill Grindvíkingur í mér og get ekki beðið eftir að eðlilegt líf byrji aftur í bænum okkar. Ég ákvað að fara til Grindavíkur á laugardaginn og um leið og ég sá hversu

langt varnargarðarnir voru komnir fylltist ég öryggisfinningu og tók fljótlega ákvörðun um að flytja aftur heim. Ég vona að sem flestir Grindvíkingar taki þennan pól í hæðina. Að mér vitandi hefur aldrei verið eldgos undir fótunum

á okkur í Grindavík. Ég veit ekki hvort þetta hafi verið kvikugangur undir bænum 10. nóvember og fræðingarnir telja engar líkur á eldgos í Grindavík, það dugir mér. Ef það er rétt voru aldrei neinar líkur á eldgos í Grindavík. Ég er nokkuð viss um að það mun aftur gjósa, bara spurning um hvenær og líka hvar eldgosid kemur upp, að öllum líkindum á svipuðum slóðum og síðast. Fyrst varnargarðarnir eru að vera fullbúnir er ekkert að óttast eftir það. Ég skil foreldra sem eru hræddir við sprungurnar en það er verið að kortleggja þær svo mér sýnist á öllu að Grindavík sé að verða einn öruggasti bærinn til að búa í.

Það var yndislegt að opna Olís í morgun, menn höfðu á orði að það eina sem vantaði væri Dóri frændi [Halldór Einarsson]. Ég vona að hann og hans fjölskylda snúi til baka sem fyrst, ég hlakka mikið til næstu kasinu sem við spilum,“ sagði Gauti að lokum.



Vilhjálmur Lárusson, eða Villi á Vörinni eins og hann er kallaður, og Jón Gauti Dagbjartsson, útibússtjóri Olís.



Ingvar Guðjónsson, Lárus Svavarsson og Grímur Örn Jónsson leystu heimsmálin þennan morguninn.



■ Stefnir á að byrja klippa í Grindavík 15. janúar:

Skipti sér á milli tveggja staða fyrir jólin og klippti líka úti í bæ

„Mér fannst þetta voðalega sniðug hugmynd hjá mér en sá svo að þetta var meira en að segja það,“ segir hárgreiðslukonan Anna María Reynisdóttir frá Grindavík. Hún skipti sér á milli Reykjavíkur og Reykjanesbæjar fyrir jólaösinna, svo hennar viðskiptavinir þyrftu ekki að vera flakka á milli. Fljótlega sá hún að hugsanlega hafði hún lofað upp í ermina á sér og nú er hún bara í Reykjanesbæ en vonast til að geta snúið til baka á sína stofu, Hárstofuna í Grindavík, eigi síðar en 15. janúar.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is

Anna skipti sér á milli tveggja staða eftir að hún hóf aftur störf eftir hamfarirnar því viðskiptavinir hennar voru dreifðir út um allt, þó mest á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjunum. Hún ætlar ekki að halda því áfram og vill einfaldlega komast heim til Grindavíkur og klippa þar. „Mér fannst þetta voðalega góð hugmynd hjá mér, að vera bæði í Reykjavík og í Reykjanesbæ að klippa svo kunnarnir þyrftu ekki að vera að fara á milli. Ég komst inn hjá dásamlegum stelpum á ProModa á Nesvöllunum í Reykjanesbæ og Símbi minn [Sigmundur Sigurðsson, hárgreiðslumeistari] tók mér fagnandi á stofu sinni, Beautybarnum í Kringlunni. Ég kíkti líka í heimsókn hjá eldri borgurunum mínum og klippti þau þar sem þau voru svo það var nóg að gera. Fljótlega sá ég að þetta var kannski ekkert frábær hugmynd, að vera svona á tveimur stofum

því það fylgir mér slatti af dóti sem ég þarf til að sinna kúnnanum og vera flytja það fram og til baka var kannski ekkert svo sniðugt. Því tók ákvörðun um að vera bara á ProModa í Reykjanesbæ á nýju ári en vonandi kemst ég svo sem fyrst á stofuna mína, Hárstofuna í Grindavík. Við stelpurnar á stofunni erum að vonast til að komast inn 15. janúar en við viljum sjá næsta eldgos koma upp áður. Ég á marga viðskiptivini og heyri ekki annað á þeim en þeir komi einfaldlega þangað sem ég fer, ég finn fyrir mikilli væntumþykju frá þeim og þykir vænt um það.“

Anna og fjölskylda hafa verið á flakki eins og svo margir Grindavíkingar. „Við fengum íbúð í Reykjanesbæ eftir hamfarirnar en ákváðum svo að flytja okkur í annað húsnæði í Hafnarfirði á annan í jólum, sem Jenný dóttir okkar og hennar fjölskylda höfðu fengið en þau fóru til Tenerife. Ástþór sonur okkar og kærasta hans, Hólmfríður, voru að eignast tvíbura og við vildum gefa þeim



Anna María með Grindvíkinginn Frimann Ólafsson í stólnum og tveir af eigendum ProModa, Marta og Svala, eru fyrir aftan.

meira næði. Við verðum í Hafnarfirði þar til Jenný og fjölskylda koma heim og það er ekki alveg komið á hreint hvert við förum í Reykjanesbæ. Hvenær við flytjum svo til Grindavíkur verður bara að koma í ljós, ég er hvorki farin að hugsa um að flytja eða flytja ekki, ég var búin að sjá fyrir mér að ég yrði á flakki fram á vorið og þannig er staðan akkúrat núna. Við verðum bara að bíða og sjá, eins og hjá öllum Grindvíkingum er ekkert annað í boði en bíða og vona það besta.“



Anna María mun eingöngu klippa á ProModa héðan í frá, þar til hún kemst á stofuna sína í Grindavík.

Við eigum 30 ára afmæli!

Viltu taka þátt í að halda upp á 30 ára afmæli Reykjanesbæjar?

Reykjanesbær auglýsir eftir umsóknum um styrki úr afmælissjóði sveitarfélagsins.

Hægt er að sækja um styrki fyrir verkefni og viðburði sem hafa það markmið að auðga mannlíf, efla menningu, virkja íbúa og/eða laða að gesti, heiðra söguna, fegra bæinn eða styðja við fjölbreytileikann í sinni breiðustu mynd.

Verkefnin mega koma til framkvæmda allt árið 2024 en sérstök afmælissáhersla verður vikuna 10.-17. júní.

Nánari upplýsingar má finna á vef Reykjanesbæjar



Umsóknum skal skila með rafrænum hætti



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS



Hvatagreiðslur fyrir eldri íbúa

■ Nýjar reglur um hvatagreiðslur fyrir 67 ára og eldri hafa tekið gildi í Reykjaneshæð

Nú um áramót tóku í gildi reglur í Reykjaneshæð um hvatagreiðslur sem niðurgreiða íþróttir og tómsundur fyrir íbúa, 67 ára og eldri. Víkurfréttir ræddu við Hafþór Barða Birgisson, íþrótt- og tómsundafulltrúa Reykjaneshæðar, sem fór yfir hvernig fyrirkomulagi hvatagreiðslunnar er háttað.



Hafþór Barði Birgisson, íþrótt- og tómsundafulltrúi Reykjaneshæðar.

„Það er rétt að Reykjaneshæðar býður nú í fyrsta sinn hvatagreiðslur til 67 ára og eldri,“ segir Hafþór Barði. „Það er almanaksárið sem gildir þannig að þeir sem verða 67 ára á árinu eiga rétt á hvatagreiðslunum sem nema 45 þúsund krónum á ári og með þeim viljum við hvetja eldri borgara til frekari þátttöku í íþrótt- og tómsundastarfi, sama hvort það leggur stund á leikfimi, sund, golf eða tónlistarnám. Það skiptir ekki öllu hvaða íþrótt eða tómsund viðkomandi velur, aðalatriðið er að auðvelda fólki að vera áfram virkt í sínu samfélagi. Þess ber að geta að ónýttar hvatagreiðslur fyrnast um hver áramót en safnast ekki upp.“

Hafþór bendir jafnframt á að hvatagreiðslur falli vel að stefnu Reykjaneshæðar í lýðheilsuáttum. „Reykjaneshæð er heilsuefandi

samfélag og markmiðið er að halda íbúum heilsu- hraustum eins lengi og kostur er. Við viljum að fólk geti verið eins lengi og það vill heima hjá sér og þurfi ekki að leggjast inn á stofnun heilsu sinnar vegna. Með þátttöku í tómsundastarfi spornar fólk við andlegri og líkamlegri hrörnun og eykur þannig lífsgæði sín. Það má ekki gleyma félagslega þættinum sem

er fólgin í því að hitta annað fólk reglulega. Ef fólk gefur sér ekki tíma til þess er hætt við félagslegri einangrun sem bitnar þá á andlegri heilsu viðkomandi. Andlegt heilbrigði er ekki síður mikilvægt en líkamlegt, ekki síst eftir því sem maður eldist.“

Hvernig ber fólk sig að til að nýta hvatagreiðslurnar?

„Mörg íþróttafélög eru að nota kerfið Sportabler. Þar skráir maður sig með rafrænum hætti í félög, tómsundur eða á námskeið og þegar kemur að greiðsluþættinum er boðið upp á að láta hvatagreiðslu ganga upp á gjaldið. Ég hef rætt við forsvarsmenn deilda og félaga sem eru boðnir og búnir að aðstoða þá sem þess þurfa við skráninguna en við vitum vel að fólk kann misvel á tölur og þess háttar.

Svo er líka hægt að borga á gamla máttann og koma með kvittun á þjónustuborðið í ráðhúsinu. Þá þarf að fylla út eyðublað með bankaupplýsingum til að leggja hvatagreiðslurnar inn á. Það verður svo gert innan tveggja vikna en ég þarf að yfirfara og skrá allar beiðnir.“

Ekki aðalatriðið í hvað fólk notar hvatagreiðslurnar

„Við höfum ekki sett neinar takmarkanir á í hvað fólk geti notað hvatagreiðslurnar. Það sem við viljum fyrst og fremst sjá er að fólk nýti þær í eitthvað uppbyggilegt fyrir sjálf sig, eitthvað sem stuðli að bættri heilsu og heilbrigði. Ég á ekki von á því að fjöldi þeirra sem nýti hvatagreiðslurnar verði það mikill að kostnaðurinn fari úr böndunum, það hefur reynslan sýnt í öðrum sveitarfélögum sem hafa tekið upp sambærilegar greiðslur, en ef það gerist þá þurfum við bara að endurskoða málin – aðalmálið er að virkja fólk til að vera hluti af þessu heilsueflandi samfélagi okkar.“

Allar upplýsingar um hvatagreiðslur fyrir íbúa, 67 ára og eldri, í Reykjaneshæð er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins [www.reykjaneshæð.is].

Auka aðgengi hópa að viðburðahaldi í sviðslistum í sölum Hljómahallar



Hugmyndir að styrkjum til viðburðarhalds í Hljómahöll voru til umræðu á síðasta fundi menningar- og þjónusturáðs Reykjaneshæðar. Tómas Young, forstöðumaður Hljómahallar, kynnti málið fyrir ráðinu.

Tómas kynnti fyrirhugaða styrki til tónleikahalds í Hljómahöll. Markmiðið með styrkjunum er auka aðgengi hópa að viðburðahaldi í sviðslistum í sölum Hljómahallar sem myndu annars ekki eiga kost á viðburðahaldi í húsinu, að styðja við að sem fjölbreyttasti hópur listafólks fái tækifæri til að koma fram í Hljómahöll og að auka nýtingu á salarkynnum og aðstöðu í Hljómahöll.

Sjóðurinn er ætlaður ungum listamönnum og fólki sem er ungt í list sinni þar sem það þykir fyrirséð að innkoma viðburðarhalds myndi annars ekki standa straum af kostnaði við viðburðahaldið.

Lögð er áhersla á að veita fyrst viðburðum styrki til viðburðarhalds sem uppfylla framangreindar skilgreiningar. Aðrir styrkhæfir viðburðir eru góðgerðarviðburðir, viðburðir ætlaðir börnum eða eldri borgurum þar sem enginn aðgangseyrir er greiddur.

Í styrkjum felst salarleiga, tímar tæknimanna, afnot af tæknibúnaði Hljómahallar og starfsfólk í miðasölu. Ef óskað er eftir þjónustu umfram það sem felst í styrkjum greiða listamenn sérstaklega fyrir það. Af miðasölu er dregin frá miðagjöld Tix.is og STEF-gjöld. Að öðru leyti rennur miðasala til listamanna, segir í fundargerð menningar- og þjónusturáðs. Þar kemur einnig fram að ráðið fagnar tilkomu styrkjanna og leggur til að styrkurinn sé vel kynntur á því ári sem nú er nýhafið.

Svarta pakkhúsið verði fjölnota menningarhús með lifandi menningarstarfsemi

Erindi hefur verið sent Eignasjóði Reykjaneshæðar þar sem óskað er eftir að Svarta pakkhúsinu verði komið í nothæft ástand svo það geti orðið aðsetur menningarhópa í sveitarfélaginu og nothæft fjölnota menningarhús með lifandi menningarstarfsemi þar sem boðið verður upp á námskeið, myndlistarskóla, vinnustofur, vinnuástöðu, sýningar og viðburði af ýmsum toga. Þetta kemur fram í fundargögnum frá menningar- og þjónusturáði Reykjaneshæðar.

Ástand Svarta pakkhússins í dag er óviðunandi og ekki boðlegt undir neina starfsemi. Þá hefur einungis verið hægt að nýta jarðhæð hússins en góð aðstaða er á efri hæð sem ekki hefur verið hægt að nýta vegna skorts á brunavörnum. Sú staða er uppi í dag að ýmsir menningarhópar í sveitarfélaginu hafa ekki aðsetur undir starfsemi sína og eru á hrakholum. Svarta pakkhúsið er eina húsnæðið sem menningar- og þjónustusvið hefur til umræða og getur nýst til slíkrar starfsemi.

Menningar- og þjónusturáð styður hugmyndina um að Svarta pakkhúsið verði að fjölnota menningarhúsi fyrir starfandi menningarhópa í sveitarfélaginu og leggur áherslu á að farið verði í viðhald á húsnæðinu sem fyrst.

Fjölskylduvænt samfélag

Þann 13. desember síðastliðinn var samþykkt á bæjarstjórnarfundum Suðurnesjabæjar fjárhagsáætlun fyrir árið 2024. Sjá má skýrt að áhersla er lögð á stuðning við barnafjölskyldur og er það í samræmi við þau markmið sem Framsókn hefur lagt upp með frá kosningum. Mikilvægt er að hér sé vænlegt að búa og er stuðningur við barnafjölskyldur þáttur í því að laða að fjölskyldufólk í sveitarfélagið.

Mikilvægt skref sem var tekið þegar niðurgreiðsla á máltíðum nemenda í grunnskólum Suðurnesjabæjar var aukið úr 50% í 60% ásamt því að innleiddur var fjölskylduafsláttur sem þýðir að gjaldfrjálst verður fyrir börn frá sömu fjölskyldu umfram tvö börn. Það gerir börnum kleift jafnari aðgang að heitri máltíð í hádeginu. Heit máltíð í hádeginu tryggir m.a. að börn fái mikilvæga næringu og orku en holl og góð næring er grunnþáttur í þroska barna og ungmenna og mikilvæg fyrir vöxt og þroska. Þannig er verið að lækka greiðslubyrði á fjölskyldur er kemur að kostnaði vegna hádegismatar fyrir börn sem gefur aukið svigrúm fyrir fjölskyldur til að ráðstafa fé sínu í annað sem nýtist þeim.

Einnig má nefna að hækkaðar hafa verið umönnunarbætur fyrir foreldra sem ekki nýta dagvistun hjá dagforeldrum. Sú upphæð hækkar úr 45 þúsund krónum



upp í 100 þúsund krónur fyrir hvern mánuð. Greiðslunum er háttað með þeim hætti að fyrsta greiðsla er að loknum réttindum til fæðingarorlofs og greiddar þar til barn fær inngöngu í leikskóla eða verður tveggja ára. Hér

er skref tekið til að brúa bilið sem oft kemur til eftir að fæðingarorlofi lýkur og þar til að barn fær inngöngu í leikskóla. Mikilvægt er að gera foreldrum kleift á að vera heima með börnum sínum fyrstu tvö árin ef þess er kosið og er þetta mikil framför í þeim efnunum.

Þá er niðurgreiðsla dagvistunargjalda hjá dagforeldrum hækkuð. Eftir að barn hefur náð átján mánaða aldri er niðurgreiðsla hækkuð úr 80 þúsund í 112 þúsund á mánuði m.v. átta klst. vistun þar til að barni verður boðin innganga í leikskóla.

Allt eru þetta mikilvægir þættir í því að styðja við barnafjölskyldur og á sama tíma eins og hefur komið fram brúa bilið sem oft reynist erfitt eftir að fæðingarorlofi lýkur.

Við í Framsókn erum gríðarlega stolt af þessum breytingum og munum halda áfram að styðja við og stuðla að því að í Suðurnesjabæ er gott að búa.

Úrsula María Guðjónsdóttir, bæjarfulltrúi Framsóknar í Suðurnesjabæ og formaður fræðsluráðs.



SÓLRISUMESSA - SÓLRISUKAFFI

Árleg sólrismessa í Sandgerðiskirkju sunnudaginn 14. janúar kl. 14.00. Eldeyjarkórinn syngur undir stjórn Arnórs Vilbergssonar.

Sólriskaffi fyrir eldri borgara að messu lokinni í Samkomuhúsinu í Sandgerði kl. 15. Kvenfélagið Gefn í Garði sér um veitingar.

Kaffihlaðborð kr. 3.000,- á mann. Posi á staðnum.

Tónlistaratriði frá tónlistarskólum Garðs og Sandgerðis. Hljómsveitin Suðurnesjamenn spilar.

Félag eldri borgara á Suðurnesjum, Kvenfélagið Gefn, Eldeyjarkórinn og Sandgerðiskirkja.

Eru sveitarfélög að taka ábyrgð?

Í umfjöllun á heimasíðu Suðurnesjabæjar þessa dagana um fjárhagsáætlun og gjaldskrár fyrir árið 2024 má meðal annars lesa eftirfarandi:

„Flestar gjaldskrár sveitarfélagsins hækka um að meðaltali um 7,5% en algengasta hækkunin er á bilinu 6,5% upp í 8,5%, einhverjir liðir hækka þó meira en aðrir liðir minna. Hækkun þessi er í takt við þróun verðlags samkvæmt samþykktum markmiðum fjárhagsáætlunar. Töluverðar breytingar eru á kostnaði við sormál en sorphirðu- og sorphirðingargjald verður hér eftir nefnt sorphirðingargjald og er gjald fyrir hvern úrgangsflokk eftir stærð íláta. Hækkun þessa gjalds er í takt við hækkun almennt hjá nágrenna-sveitarfélögum Suðurnesjabæjar og er að jafnaði um 30%.“

Meiri eyðsla hefur eðlilega í för með sér meiri fjárför. Keðjuverkandi áhrif eru auknar lántökur og hækkunir á gjaldskrá og þjónustugjöldum.

Þörf er á hóflegri hækkunum

Á sama tíma og sveitarfélög boða stórfelldar hækkunir kalla aðilar vinnuáætlunarinnar eftir mun hóflegri hækkunum, sem er nauðsynlegt til að stuðla að lækkun verðbólgunnar. Ég tel að skýring Suðurnesjabæjar á boðuðum hækkunum þyki ekki auðskiljanleg þar sem segir: „Hækkun þessi er í takt við þróun verðlags samkvæmt samþykktum markmiðum fjárhagsáætlunar.“

Ég veit ekki hvort margir skilja þessa skýringu en kannski þýðir þetta að nú sé nauðsynlegt að eyða umfram efni.

Af hverju hækka sorphirðing meira á íbúa en fyrirtæki?

Mér finnst eðlilegt að bæjarfulltrúar setji fram betri og skiljanlegri skýringu á boðuðum hækkunum sorphirðinga en að vísa til þess „að hækkun þessa gjalds sé í takt við hækkun almennt hjá nágrenna-sveitarfélögum Suðurnesjabæjar sem sé að jafnaði um 30%.“

Með aukinni flokkun, sem bæjarbúar sjá alfarið um heima, verða til seljanleg verðmæti úrgangsins. Má ætla að þessi breyting hefði frekar átt að stuðla að lækkun sorphirðinga en 30% hækkun. Nánast allur úrgangur frá heimilum sem ekki er flokkaður fer til brennslu í Kólku eftir sem áður, væntanlega bara í minna mæli. Spyrja má hver nýtur þá arðsins af aukinni flokkun. Væri



ekki eðlilegra að bæjarbúar njóti arðsins frekar en einhver annar?

Boðuð hækkun sorphirðinga um 30% á okkur bæjarbúa er ekki í samræmi við hækkun hjá Kólku á almennri gjaldskrá til fyrirtækja sem var 10% um áramótin, að því er ég best veit. Þess má einnig geta að gjaldskrá á endurvinnsluþönunum Kólku hækkaði ekkert um áramótin.

Aukinn launa- og starfsmannakostnaður vegur þungt

Ef grannt er skoðað, geta sveitarfélög eflaust sparað á ýmsum sviðum. Á síðasta ári vakti athygli þegar sveitarfélagið Árborg sagði upp tæplega 60 starfsmönnum úr flestum deildum sveitarfélagsins vegna erfiðrar fjárhagsstöðu. Þetta virtist ekki hafa haft teljandi áhrif á þjónustu eða lögbundin verkefni.

Launa- og starfsmannakostnaður vegur þungt í rekstri sveitarfélaga og þess vegna er brýnt að stjórnendur fylgist vel með þessum kostnaðarlið og geri reglulega úttekt á starfsmannabörð og nýtingarhlutfalli. Hver starfsmaður í fullu starfi kostar vart undir tíu til fimmtán milljónum króna á ári. Í Suðurnesjabæ hefur launa- og starfsmannakostnaður hækkað um 12,5% í hlutfalli við heildartekjur frá sameiningarárinu 2018 samkvæmt upplýsingum úr ársreikningum.

Í Suðurnesjabæ búa um 4.000 manns. Starfsmannafjöldi bæjarinnar (einhverjir í hlutastörfum og leikskólar ekki meðtaldir) er um 300 manns og þar af eru tæplega 150 skráðir starfsmenn í grunnskólum bæjarinnar þar sem eru um 540 nemendur (einn starfsmaður á u.þ.b. hverja 3,6 nemendur). Í ráðhúsum bæjarinnar í Garði og Sandgerði eru 32 starfsmenn. Aðrir starfsmenn dreifast á aðrar deildir svo sem íþróttamiðstöðvar, tónlistarskóla, umhverfismiðstöðvar o.fl. Hagráðing sameiningar Sandgerðis og Garðs virðist ekki hafa skilað sér nægilega vel hvað varðar launa- og starfsmannakostnað.

Þetta er umhugsunarefni. Annars bara gleðilegt nýtt ár 2024, með von um betri tíð, lökkandi verðbólgu og engar hættur og skaða af eldgosum og jarðskjálftum.

Jón Norðfjörð

Íhugum og styrkjum áfallapol



Áfallapol er gegnsætt hugtak. Á okkar tímum hefur það einkum merkingu frammi fyrir náttúruvá sem fylgir því að búa á eldfjallaeyju, á flekaskilum upp við heimskaupsbaug á miðju úthafi. Við hljófum að hyggja vel að bættu áfallapoli næstu ár og áratugi eða aldri; ekki aðeins vegna loftslagsbreytinga, heldur líka vegna hastarlegrar spennulosunar og flekahreyfinga og eldvirkni á SV-horninu. Lotan á Reykjaneskaga var fyrirséð miðað við jarðsöguna sem slíka en upphafið óljóst þar til nú. Aðrar eldstöðvar, jarðskjálftar, hækkun sjávarborðs og ofanflóð víða um land minna á fleiri verkefni í þessum efnunum.

Raforka og hitaveita

Traust og öflugt flutningskerfi raforku er mikilvægur þáttur í bærlingu áfallapoli. Tenging á milli orkuvera á Reykjaneskaga fer í raun fram um meginháspennulínur Landsvirkjunar yfir Mosfells- og Hellsisheiði, ásamt lykiltengingu um Suðvesturlínu. Hún (einföld eða tvöföld) liggur um mögulegar rennislíðir hrauna og nálægt skjáftavirkum svæðum. Þá gildir að greina áhættuna, t.d. með hliðsjón af spálíkönun nýrra hrauna og bregðast við með forvarnaraðgerðum og jafnvel nýjungum. Nýjum jarðvarmaorkuverum skagans munu fylgja línutengingar við flutningskerfið og líka vandasamar hitaveitulagnir. Innbyrðis raforku- eða hitaveitutengingar á milli núverandi orkuvera skagans eru varla á dagskrá í bili, þvert yfir hálendi og eldvirk höggunar-svæði. Mikilvægt er að tryggja betur aðgengi að nægri raforku og ferskvatni, á eða nálægt hverjum virkjanastað, og finna leiðir til þess að geta hitað það upp og skilað til neytenda. Staðbundið, ferskt neysluvatn þarf líka að vera að-

gengilegt sem næst byggð. Einnig þurfa að vera til nægar varara-faflsvélar, kyndistöðvar fyrir vatn (fyrst og fremst rafknúnar) og efni í varaleiðslur ef þarf. Það á raunar við um fleiri landshluta.

Viðamikil verkefni

Í Rammaáætlun (4. áfanga) eru nokkrar jarðvarmavirkjanir, tvö vindorkuver Landsvirkjunar og örfá vatnsorkuver. Hverjar sem minar skoðanir á þeim eru verður að máta virkjanirnar við misalvarlega stöðu og óróa á SV-horninu um langan aldur á mannlegum mælikvarða. Það gerist á tímum brýnna orkuskipta og er um leið hluti þjóðaröryggismála, hvort sem litið er t.d. til matvæla- eða orkuöryggis. Við hæfi er að lenda deilum um þessi efni í sátt við verulegan meirihluta samfélagsins og svara aukinni orkueftirspurn svo ná megi fullum orkuskiptum, minnka kolefnislosun, auka kolefnisbindingu og tryggja næga varma- og raforku til almennra neytenda og græns iðnaðar á næstu 15 til 25 árum. Það merkir m.a. að breyta þarf forgangsroðun í raforkusölu til gagna-

vera eins og unnt er, nýta orkuverin betur, ýmsan glatvarma, auðlinda-garða og nýjungar í orkuöflun. Sinna verður öðrum verkefnum. Sum eru þegar á framkvæmdastigi. Vil t.d. nefna fleiri leiðgarða gegn hraunrennsli á SV-horninu. Vinna við þann næsta er hafin, til varnar Grindavík. Aðrir slíkir verða flestir ekki reistir áður en eldgos hefjast, heldur forhannaðir og auknið fé haft til reiðu í nokkrum mæli. Svipaður undirbúningur á að gilda um varavegi á mikilvægustu stöðum innan eldvirkur beltanna og einnig um orkuver. Efla þarf varnargarða og enn betra vöktunarkerfi vegna ofanflóða og flóða í straumvötnum. Nýr áætlanaflygavöllur er vart fyrirhugaður á Reykjaneskaga, enda Miðnesheiðin með öruggari stöðum á honum.

Eflum líka starfsemi viðbragðsaðila

Endurskoða ætti stöðu hjálpar-sveita svo léttu megi álagi á þær að hluta. Það getur m.a. gerst með því að fjárfesta í mannaúdi. Fastráða mætti allstóran hóp manna til þess að sinna skyndi- eða langtímavirkefnum og efla þar með Almanna-varnir og Landsbjörg (umfram styrki). Samfélagið stækkar ört. Þótt hjálpar- og almannavarnastörf séu nú þegar byggð að nokkru leyti á viðbragðsaðilum á ríkislaunum verður að stíga fleiri skyld skref. Um leið er ljóst að mikill þungi verður áfram á þúsundum virkra sjálfböðaliða Landsbjargar, sem hafa unnið ígildi kraftaverka áratugum saman. Gleymi ekki að nefna lögregluna, gæsluna, Rauða krossinn, slökkvilið, bráðaliða og heilbrigðisþjónustuna í þessu sambandi. Þar þarf líka fleiri huga og hendur. Fjárfestingar vegna forvarna og aukins áfallapols skila sér um síðir.

Ari Trausti Guðmundsson
Höfundur er jarðvísindamaður og fyrrum þingmaður VG í Suðurkjördæmi.

Flugvélamálari



Flugvélamálari - Aircraft painter

Tækniþjónusta Icelandair ber ábyrgð á rekstri og eftirliti með viðhaldi flugvélaflota Icelandair. Hjá Tækniþjónustu Icelandair starfar öflugur hópur sem sér til þess að öryggi, áreiðanleiki og hágæða vinnubrögð séu höfð að leiðarljósi.

Icelandair leitast að vönum málara til þess að vinna við málun á flugvélum og flugvélaíhlutum í viðhaldsstöð félagsins á Keflavíkflugvelli.

Hæfniskröfur:

- Sveinsbréf í bílamálun eða víðtæk reynsla á því sviði
- Hafi góða öryggisvitund
- Góð skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Jákvætt hugafar og samskiptahæfileika
- Geta og vilji til að skapa góðan liðsanda
- Góð tölvukunnátta er æskileg

Stefna Icelandair er að stuðla að jafnrétti og fjölbreytileika á meðal starfsfólks og hvetur einstaklinga af öllum kynjum til að sækja um.

Umsóknir óskast ásamt ferilskrá eigi síðar en 21. janúar 2024

Nánari upplýsingar veita

Ásbjörn Halldór Hauksson,
Supervisor shops & tools, asbjornhal@icelandair.is

Hermann Árnason,
People Consultant, hermann@icelandair.is



Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Heilsuleikskólinn Heiðarsel - Leikskólakennari
Leikskólinn Hjallatún - Leikskólakennari/starfsfólk
Veiferðarsvið - Dagvalir aldraðra

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn



REYKJANESBÆR
KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS



JAFNLAUNAVOTTUN
2023 - 2026



Mynd/Fótbolti.net

Stýrir einni öflugustu knattspyrnuakademíu Noregs

Ólafur Örn var liðsfélagi Zlatan Ibrahimovic í Svíþjóð

Grindvíkingurinn Ólafur Örn Bjarnason er einna þekktastur fyrir knattspyrnuvinnu sína, bæði sem leikmaður og þjálfari. Hann lék lengstum með Grindavík en auk þess lék hann sem atvinnumaður í Svíþjóð og í Noregi þar sem hann hefur búið undanfarnin tíu ár. Í upphafi var Ólafur að þjálfra en réði sig svo í vinnu hjá norska knattspyrnusambandinu, fyrst við menntun þjálfara, svo hæfileikamótun ungra knattspyrnumanna en tók svo við nýju starfi sem yfirmaður knattspyrnuakademíu Stabæk í Osló, sem er stór á norskan mælikvarða.

Óli er ánægður í nýja starfinu, er með samning út næsta tímabil en í hverju er starfið fölgjó?

„Ég er yfir akademíunni sem telur varalið Stabæk, junior-liðið, sem er eins og annar flokkur, svo sautján ára, fimmtán ára, fjórtán ára, þrettán ára, tólf og ellefu ára liðið. Ég er með yfirumsjón með allri þjálfun, er yfir því að finna efnilegustu leikmennina og fá þá í þessi lið og fylgja þeim eftir. Við erum með fjóra til fimm leikmenn í flestum yngri landsliðum Noregs svo unglingastarfið er mjög öflugt hér og mjög góðir og færir þjálfarar. Ég vinn náð með þeim og þarf líka oft að ferðast til annarra félaga og hitta kollega, bæði hér í Noregi og í öðrum löndum. Þjálfarinn blundar alveg í mér en það þyrfti að vera mjög spennandi verkefni sem byðist svo ég myndi vilja hætta því sem ég er að gera í dag. Starfið er mjög fjölbreytt, ég er bæði úti á grasinu en líka að skoða leikmenn með viðkomandi þjálfara, ég vinn líka náð með aðalliðinu svo starfið er mjög fjölbreytt og skemmtilegt. Pressan í þessu starfi er líka annars eðlis en að vera þjálfari aðalliðs. Þar er pressan kannski sú að vinna titla eða enda sem hæst, pressan í mínu starfi kemur í raun mest frá foreldrum, maður þarf oft að finna jafnvægi þar en þetta á vel við mig. Akademiurnar hjá stóru klúbbunum eru alltaf að stækka, mér finnst þetta spennandi starfs-veitvangur og get hugsað mér að vera í þessu í langan tíma. Ég er ekki að leita eftir einhverju öðru í augnablikinu en auðvitað heillar England og Danmörk, Svíþjóð og Bandaríkin eru líka spennandi kostur en við erum sátt hér í Noregi



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson sigurbjorn@vf.is



í bili. Fótboltinn er samt eins og fótboltinn er, maður getur verið farinn eitthvert annað á næsta ári en ég er með samning út næsta ár og veit ekkert á þessari stundu hvað tekur við. Við erum mjög sátt hér í Osló, Kolla [Kolbrún Sævarsdóttir, eiginkona Óla] er í góðri vinnu en hún menntaði sig til hjúkrunarfræðings á meðan heimsfaraldur geisaði og er að vinna á bráðamóttöku fyrir fólk sem glímur við andleg veikindi. Bjarni sonur okkar býr með sinni kærustu í Bergen og er mjög sáttur þar, Valgerður systir mín býr sömuleiðis í Osló svo eins og sakir standa erum við mjög sátt hér í Noregi. Hvað framtíðin ber í skauti sér, kemur bara í ljós.“

Hjá norska knattspyrnu-sambandinu í fjögur ár

Áður en Óli réði sig í núverandi starf hjá Stabæk, vann hann fyrir norska knattspyrnusambandið í fjögur ár, frá 2018 til 2022. „Þegar ég var búinn að þjálfra í Noregi í fimm ár, frá 2013 til 2017, bauðst mér starf fyrir norska knattspyrnusambandið og við fluttum til Kristiansand sem er í Suður-Noregi. Ég var yfir allri þjálfaramenntun í Suður-Noregi, allt frá grasrótarnámskeiðum, UEFA B yfir í UEFA-B youth þjálfararéttindi svo mitt starf fólst í því að heimsækja liðin í Suður-Noregi og hjálpa þeim að mennta þjálfarana þeirra. Undir það síðasta var ég



... mitt starf fólst í því að heimsækja liðin í Suður-Noregi og hjálpa þeim að mennta þjálfarana þeirra. Undir það síðasta var ég farinn að fylgja eftir efnilegustu leikmönnum á svæðinu og upp frá því bauðst mér svo starfið hjá Stabæk. Það var gott að fara í þetta starf á sínum tíma en þar áður hafði ég þjálfað tvö lið í annarri deildinni, var fyrst þrjú ár hjá Fyllingsdalen í Bergen sem er til- tölulega stór grasrótarklúbbur í Noregi, tók svo tvö ár hjá Egersund rétt hjá Stavanger. Það er klúbbur sem hefur alltaf verið með mikinn metnað, þeir voru einmitt að komast upp í fyrstu deild eftir tímabilið sem var að klárast. Ég náði fínum árangri með liðið en fann eftir seinna árið, en þá hafði ég verið að þjálfra meistaraflokk meira og minna í tíu ár, að ég vildi breyta til,“ segir Óli.

Var liðsfélagi Zlatan

Ólafur ólst upp í Grindavík, lék þar upp alla yngri flokka og átti stóran þátt í velgengni liðsins upp úr aldamótum þegar liðið komst m.a. í Evrópukeppni.



Ólafur með eiginkonu sinni, Kolbrúnu Sævarsdóttur.

„Ég fór í gegnum alla yngri flokkana með Grindavík og fékk minn fyrsta meistaraflakksleik skráðan árið 1992 þegar Bjarni Jóhannsson var að þjálfra okkur í annarri deildinni, kom þá inn á einum leik. Ég var aðeins að glíma við meiðsli næstu árin svo það var ekki fyrr en 1995 sem ég fór eitt- hvað að spila með meistaraflokki og var svo kominn í lykilhlu- verk árið 1996 þegar Guðmundur Torfason tók við liðinu. Um svipað leyti var ég valinn í U21 árs landslið Íslands og fékk svo tækifæri á atvinnumennsku í Svíþjóð, gerði samning við Malmö fyrir '98 tímabilið og lék með þeim í tvö ár. Eftirminnilegast frá þeim tíma er klárlega að hafa verið liðsfélagi Zlatan Ibrahimovic, fyrst með varaliðinu og ég mætti honum líka í A-landsleik og skipti á treyjum við hann en ég lék alls fjóra U21 landsleiki og komst svo í A-lands- liðið árið 1998, lék alls 27 A-lands- leiki, þann síðasta árið 2008. Ég náði að festa mig ágætlega í sessi hjá Malmö og átti tvö góð ár með þeim en sneri þá aftur til Grinda- vikur fyrir tímabilið 2000. Okkur gekk mjög vel og enduðum í þriðja sæti sem gaf sæti í Intertoto Evrópukeppninni. Við enduðum svo í fjórða sæti 2001 og aftur í því þriðja sæti 2002 sem þá gaf sæti í Evrópukeppni. Tímabilið 2003 var síðan mjög eftirminnilegt, liðið

var styrkt mjög mikið, m.a. með Ólafi Gottskálkssyni, markmanni, og hinum eina sanna Lee Sharpe en gengið var frekar brösótt. Bæði nafni minn og Sharpe hættu fljótleiga og við enduðum í sjötta sæti en komumst grátlega nærri því að komast áfram í Evrópukeppninni, töpuðum 2-1 úti á móti Helga Kol- viðs og félögum í Kärnten frá Aust- urriki. Við vorum 1-0 yfir þegar komið var fram yfir venjulegan leiktíma, sem hefði tryggt okkur áfram og við hefðum dregist á móti stórlíði Feyenoord frá Hollandi, en fengum mark á okkur í uppbótartíma og duttum því út, vorum grát- lega nærri því að komast áfram! Eftir þetta tímabil bauðst mér að kíkja á aðstæður hjá Brann í Noregi, fór yfir helgi og á sunnu- deginum var samningur á borðinu og ég endaði á að spila með þeim í sjö ár. Okkur gekk mjög vel, urðum m.a. meistarar og bikarmeistarar og vorum alltaf í baráttunni. Á þessum tíma var skrokkurinn að- eins farinn að gefa eftir og ég fékk mig lausan um mitt tímabil 2010 og tók þá við þjálfun Grindavíkur- liðsins. Ég spilaði líka en það átti ekki nógu vel við mig svo ég hætti þjálfun eftir 2011 tímabilið, ein- beitti mér bara að því að spila og Guðjón Þórðarson tók við liðinu. Það gekk illa og við féllum og þá áttu skórnir að fara upp í hillu. Við Kolla vorum flutt í Reykjavík og ég var farinn að vinna hjá Lýsi. Svo hafði Fram samband og ég ákvað að slá til en ég spilaði nánast ein- göngu, gat lítið æft og segja má að ég hafi endað ferilinn á toppnum, við urðum bikarmeistarar þetta ár og ég setti skóna endanlega upp í hillu eftir bikarúrslitaleikinn. Við Kolla vissum ekki alveg hvað við ætluðum okkur, fórum í frí til Bandaríkjanna en ég hafði kannað sambönd mín í Noregi og þegar við komum til baka úr fríinu, bauðst mér að gerast þjálfari í Noregi og hér er ég enn,“ sagði Ólafur Örn Bjarnason að lokum.



Óli sem þjálfari Egersund.



Noregsmeistarar: Ármann Smári Björnsson, Kristján Örn Sigurðsson og Óli.



Bikarmeistari í Noregi, Ólafur í viðtali við sinn gamla kennara úr Grunnskólanum í Grindavík, Guðna Ólversson.

Suðurnesjaliðin standa ágætlega að vígi í körfunni

Körfuknattleikslíðin af Suðurnesjum hefja nýja árið með krafti. Öll unnu þau sigur í fyrstu leikjum sínum í Subway-deildum karla og kvenna og eru í ágætri stöðu hvert í sinni deild. Þróttur tapaði naumlega sinni viðureign í fyrstu deild karla en hefur staðið sig frábærlega á fyrsta ári félagsins í næstefstu deild.

Subway-deild karla:

Í Subway-deild karla eru Keflavík og Njarðvík bæði búin að vinna átta leiki eftir tólf umferðir en aðeins Valur hefur unnið níu leiki. Grindavík gengur ekki alveg eins vel og er í níunda sæti með sex sigra og sex töp.

Njarðvíkingar notuðu jólafríð til að gera breytingar á liði sínu. Bandaríkjamadurinn Luke Moyer þótti ekki standa undir væntingum og var því leystur undan samningi og þá mun Dwayne Lautier-Ogunleye leika með Njarðvík eftir áramót. Lautier-Ogunleye er breskur landsliðsmaður, 191 cm á hæð og getur leikið sem leikstjórnandi eða skotbakvörður.

Grindvíkingar hafa einnig styrkt lið sitt og samið við spænska framherjann Julio de Assis en hann lék með Breiðabliki á síðasta tímabili þar sem hann skilaði um sextán stigum að meðaltali í leik auk átta frákasta, de Assis ætti því að vera Grindvíkingum góður liðstyrkur í teignum í komandi leikjum.

Keflavík bætti einnig leikmanni í hóp sinn en Danero Thomas gekk til liðs við félagið. Thomas er 37 ára reynslubolti og þekkir íslenskan körfubolta vel. Hann varð íslenskur ríkisborgari árið 2018 og hefur leikið með fjölmörgum liðum í efstu deildum hérlendis auk þess að hafa leikið með íslenska landsliðinu.

Subway-deild kvenna:

Njarðvíkingar unnu sterkan sigur á Stjörnunni í síðasta leik og eru einum sigri á eftir Keflavík sem situr á toppi Subway-deildar kvenna með ellefu sigra í tólf leikjum. Fyrir leikinn var Njarðvík og Stjarnan jöfn að stigum í öðru til þriðja sæti. Grindavík er í fjórða sæti með átta sigra í tólf leikjum. Njarðvík hefur leikið þrettán leiki og Stjarnan fjórtán en umferðir hafa riðlast eftir að Breiðablik dró lið sitt úr keppni og því fækkaði um eitt í deildinni.

Grindavík bætt við leikmanni en danski landsliðsframherjinn Sarah Mortensen kemur til með að leika með liðinu á nýju ári. Eftirnafn hennar hljómar kannski kunnuglega og ekki að ástæðulausu en Sarah er systir Daniel Mortensen sem leikur með karlaliði Grindavíkur og þykir hún liðtæk þriggja-



Birna Valgerður Benónýsdóttir var frábær í sígri Keflavíkur á Haukum í síðustu viku þar sem hún skoraði átján stig.



Hulda María Agnarsdóttir hefur staðið sig vel með Njarðvík á tímabilinu en hún er ein fjögurra fimmtán ára leikmanna Njarðvíkur. VF/JPK

stigaskytta en Sarah er 185 cm hár framherji.

Njarðvíkingar styrktu einnig sitt lið og hafa fengið Selena Lott til liðs við sig. Lott er 24 ára bakvörður sem lék í Puerto Rico á síðasta tímabili þar sem hún skoraði fimmtán stig í leik en hún var um tíma á mála hjá WNBA-liði Minnesota Lynx.

Keflvíkingar hafa misst tvo sterka leikmenn úr liði sínu en Agnes María Svansdóttir er farin til Bandaríkjanna í nám og þá tilkynnti fyrirlíði Keflvíkinga, Katla Rún Garðarsdóttir, að hún ætti von á barni og hefur því dregið sig í hlé. Hjá körfuknattleiksdeild Keflavíkur fengust þær upplýsingar að þar á bæ væru menn með augun opin fyrir nýjum leikmönnum en færur sér engu ódslega.

Fyrsta deild karla:

Þróttur Vogum vann sér sæti í næstefstu deild í fyrsta sinn í sögu félagsins á síðasta tímabili þegar liðið fór ósigrað í gegnum aðra deildina. Þróttarar hafa staðið sig vel á þessu fyrsta tímabili í fyrstu deild og sitja nú fyrir ofan miðja deild.

Þróttur leikur sína heimaleiki í Sandgerði þar sem íþróttahúsið í Vogum uppfyllir ekki skilyrði um keppnisstöðu í fyrstu deild. Um síðustu helgi tóku Þróttarar á móti Fjölnismönnum sem eru í öðru sæti deildarinnar og töpuðu eftir spennandi viðureign með tveimur stigum (76:78). Þróttur byrjar nýja árið ekki á auðveldustu leikjunum því liðið tekur á móti toppliði ÍR á föstudaginn.



Stefán Ingi Guðjónsson er íþróttamaður Voga 2024

Fyrsti rafíþróttamaðurinn sem verður fyrir valinu

Um síðustu helgi var íþróttamaður ársins útnefndur í Vogum. Í þetta sinn var rafíþróttamaðurinn Stefán Ingi Guðjónsson fyrir valinu. Þetta er í fyrsta sinn sem rafíþróttamaður hlýtur þennan titil í Vogunum og er þetta líklega í fyrsta sinn sem íþróttamaður úr þessari grein hlýtur titilinn íþróttamaður ársins á landinu öllu.

Stefán er uppallinn í Vogum og hóf ungar að spila og keppa í rafíþróttum. Þá hefur hann lengst af spilað með liði Dusty í Counter Strike, eða CS eins og leikurinn er gjarnan kallaður.

Rafíþróttir vísa til skipulagðra keppni í tölvuleikjum á faglegum vettvangi. Það felur í sér að einstaklingar eða lið keppa á móti hvort öðru í ákveðnum leik, í skipulögðum deildum, mótum eða viðburðum. Rafíþróttasamtök Íslands voru stofnað árið 2018 og var markmiðið að vekja athygli á og styðja þróun rafíþróttá á Íslandi. Samtökin hafa síðan þá unnið að uppbyggingu rafíþróttastarfs fyrir börn og byggja upp innviði fyrir rafíþróttir og þær keppnisgreinar sem tölvuleikjunum tengjast.

Árið 2020 stofnaði Stöð 2 rafíþróttarársina Stöð 2 eSport þar sem meðal annars er sýnt frá Ljósleidaradeildinni í CS í beinni útsendingu á þriðjudögum og fimmtudögum. Stefán hefur

lengi haft það orðspor að vera einn fremsti CS spilari Íslands en til þess að njóta velgengni í CS þurfa leikmenn að hafa góða samhæfingu hreyfingar og skynjunar, geta unnið vel í teymi, haft góða aðlögunarhæfni og eins og í öðrum íþróttum þarf að eyða miklum tíma í æfingar og greiningu.

Stefán hefur meðal annars orðið deildarmeistari með Dusty árin 2020, 2021 og 2023 en lið hans, Dusty, situr nú einnig á toppi deildarinnar þegar nokkrar umferðir eru eftir. Eins og áður hefur komið fram varð hann ásamt liði sínu Ljósleidaradeildarmeistari árið 2023. Ásamt því unnu þeir sér inn rétt til að keppa fyrir Íslands hönd á erlendum vettvangi sem er í raun forkeppni Norðurlandanna fyrir BLAST mótaröðina (sem mætti líkja við Evrópukeppni í rafíþróttum) en þar spiluðu þeir meðal annars á móti stórlíði Mouz sem er mögulega einn stærsti leikur sem að íslenskt félagslíð í CS hefur spilað. Að lokum komust þeir í úrslitaleik Evrópudeildar ESEA Open þar sem hundruðir liða keppti. ESEA er eitt stærsta opna mótafyrirkomulag í heiminum fyrir CS en með árangri sínum komust þeir í ESEA Main flokkinn (flokkarir radast eftir erfiðleika: Open, Intermediate, Main, Advanced, ESL).

1X2 „PRUMAÐ Á ÞRETTÁN“

Grétar nálgast toppinn

Markamaskínan Grétar Ólafur Hjartarson heldur áfram að setja, núna í tipleik Víkurfrétta en hann hafði betur gegn öðrum markaskorara, Magnúsi Þorsteinssyni frá Keflavík, 12-9. Grétar er jafn heitur fyrir framan tippseðilinn og hann var fyrir framan markið á sínum tíma og er kominn í annað sætið í heildarkeppninni, með samtals 29 rétta en Njarðvíkingurinn Hámundur Örn Helgason er efstur með 34. Þess ber þó að geta að Hámundur tók fjórum sínum þátt á meðan Grétar hefur bara verið þrisvar sinnum og hefur tryggt sér fjórða skiptið hið minnsta og þarf bara sex leiki rétta til að taka toppsætið. Það ætti ekki að vera flókið mál fyrir markaskoraran, hann er með 9,67 að meðaltali úr þremur umferðum!

Það var lítið um óvænt úrslit og þess vegna fékk Grétar ekki nema 440 krónur fyrir afrek sitt, hann var einn af rúmum 56 þúsund tippurum sem náði tólf réttum. Tæplega fjögur þúsund tipparar náðu þrettán réttum, þar af 72 Íslendingar og fá þeir „heilur“ 17.360 krónur í sinn hlut.

Áskorandi Grétars kemur að þessu sinni frá Njarðvík, enginn annar en körfuknattleikshetjan Teitur Örylgsson. Teitur er einn af betri körfubolta-mönnum sem Ísland hefur alið af sér, var bæði frábær sóknarmaður og varnarmaður með magnað keppnis-skap. Hann hataði að tapa og er frægt sjónvarps-augnablik þegar hann skallaði Gunnar bróður sinn tvisvar sinnum rétt áður en Gunnar var að fara taka mikilvæg vítaskot í úrslitarímmunni gegn Keflavík um Íslandsmeistararitilinn árið 1991. Skallarnir skiluðu sínu, Gunnar setti bæði vítin niður hálfvankaður og Njarðvík vann leikinn og tryggði sér svo Íslandsmeistararitilinn.

Teitur ætlar sér að beita sóknarleik í rímmunni gegn sóknarmanninum Grétar. „Það gengur ekki upp að spila vörn í tipleik og hvað þá á móti svo öflugum sóknarmanni sem Grétar er. Sjálfur var ég jafnvigur á sókn og vörn í körfuboltanum og mun beita bullandi sóknarleik á móti Grétari. Hann hefur verið sjóðandi heitur drengurinn en stundum er sagt að sókn sé besta vörnin og því mun ég sækja til sigurs í þessum leik. Ég er United-maður eins og Grétar og verður að segjast eins og er að við höfum séð bjartari tíma hjá okkar klúbbi. Það hefur ekkert gengið síðan karlinn [Alex Ferguson] hætti og allur rekstur klúbbsins virðist vera

í algeru lamasessi. Ég vona að sir Radcliffe komi með góða innspýingu inn í klúbbinn, mér skilst að hann fái að stjórna fótboltalega hlutanum, það gengur ekki að láta kúreka frá Ameríku sjá um það,“ sagði Teitur.

Grétar var hræður þegar blaðamaður Víkurfrétta náði tali af honum. „Ég veit ekki hvað skal segja, ég er algerlega í skýjunum yfir gengi mínu í tipleik Víkurfrétta. Ég fór ekki með miklar væntingar inn í þennan leik þar sem ég var ekki búinn að vera duglegur að tippa en ég finn hvernig mér vex ásmegin með hverri helginni sem líður. Það var gaman að ná tólf réttum og stefnan er alltaf að gera betur og þrettán réttir því takmarkið. Það verður gaman að mæta Teiti, hann var frábær körfuboltamaður og mikill keppnismaður, nokkuð ljóst að ég þarf að mæta með A-leikinn minn ef ég ætla mér að hafa betur,“ sagði Grétar.



Grétar	Sæill helgarinnar	Teitur
<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Newcastle - Man.City	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Ipswich - Sunderland	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Birmingham - Swansea	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Cardiff - Leeds	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Huddersfield - Plymouth	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Millwall - Middlesbro	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Preston - Bristol City	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Rotherham - Stoke	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Southampton - Sheff.Wed.	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	W.B.A. - Blackburn	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Charlton - Peterboro	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Northampton - Wigan	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Shrewsbury - Stevenage	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>

Loftbrú

Brá undir mig betri fætinum um jólin og fór í tíu daga heimsókn á töfraeyjuna Tenerife. Hafði aldrei skilið hvað væri svona spennandi við að heimsækja spænska smáeyju rétt vestan við Afríku.

Um er að ræða einstaklega vinsælan áfangastað fyrir sólþyrsta Íslendinga enda veðrið á eyjunni einstaklega milt og gott. Eftir heimsókn í matvöruverslun þar sem hægt var að kaupa bæði léttvín, bjór og sterkt vín ásamt öllu því sem við erum von að fáist í slíkum verslunum er annað en hægt að staldra við og spyrja sig. Hvernig er þetta hægt? Við vorum fjögur í heimili þessa tíu daga og öll í fríi. Innkaupin eftir því. Þrjátíu bjórar, fjórar léttvínslöskur, nóg af beikoni, egg, jógurt, ávextir, brauð, mjólk, kornflex, álegg, eiginlega bara allt sem þarf í morgunverð í tíu daga og hóflega léttvínslöskju og snakkerí í sólinni. Verð alls 25.000 krónur tæpar. Greitt í Evrum.

Kjarasamningalotan framundan á að snúast byggingu loftbrúar frá Íslandi til Tene. Allir Íslendingar skuli dvelja á Tenerife í a.m.k. tvær vikur á tímabilinu frá 15. október til 15. mars. Til að losna við skammdegið og fá að kynna verðlagi sem er í einhverjum allt öðrum veruleika. Þrátt fyrir að vera smáeyja langt frá ströndum Spánar virðist flutningskostnaður ekki leggjast mjög þungt á vöru-

LOKAORD



MARGEIRS VILHJÁLMSOÑAR

kostnað á Tenerife, ólíkt eyju sem er fimmtíu sinnum stærra og liggur fjögur þúsund kílómetrum norðar í Atlantshafinu. Íbúar Tenerife eru 950.000 og á árinu 2022 tóku þeir á móti 5,8 milljónum ferðamanna meðan vinir þeirra í norðri voru að sligast undan heimsóknnum 1,7 milljóna ferðamanna.

Að sjálfsögðu þykir Tenebúum gott að leigja út íbúðir á Airbnb svo fasteignaverð er nokkuð hátt miðað við hvað gengur og gerist. Betra finnst þeim að kynna fólk í gegnum Airbnb, hafna íbúðaleigunni en fá leiguna greidda með reiðufé í staðinn. Evrum, ekki krónum. Þannig geta séðir fengið afslátt. Nýi vinur minn Kristof sagði mér að ég fengi betra verð ef ég myndi bara hringja beint í hann næst.

Skildi því vel atriðið í áramótaskaupinu um konuna sem fór í jólatene, golftene, páskatene og sumartene. Þetta eru bara sparnaðarferðir.



Mundi

Er verið að tala um stólaskipti í bæjarstjórn Reykjaneshæjar?

Björgvin afhenti Halldóru stólinn fina í Bústoð. VF/pket

Heppnin með Halldóru

■ Vann stærsta vinninginn í Jólalukku VF, hægingastól frá Bústoð

„Ég setti marga miða með nöfnum barna minna í kassann í Nettó en bara einn með mínu nafni þannig að þetta kom skemmtilega á óvart. Svo hef ég aldrei áður unnið í svona leik eða happdrætti en maður verður að vera með ef maður ætlar að reyna á lukkuna sem var með mér þarna,“ sagði Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir en hún vann stærsta vinninginn í Jólalukku VF 2023, Delta leðurhægingastól frá Bústoð að verðmæti um 180 þúsund krónur.

Halldóra var dregin út í öðrum útdrætti í Jólalukkunni en hún var ein af rúmlega sextíu heppnum sem dregin voru út í Jólalukkunni. Halldóra segist vera dyggur viðskiptavinur Bústoðar. „Ég kem oft hérna, síðast í gær. Ég hef nýtt mér vel gjafavörurnar í búðinni og keypt þær í tækifærisgjafir þannig að starfsfólkið í Bústoð kannast vel við mig,“ sagði Halldóra Fríða sem hefur verið forseti bæjarstjórnar Reykjaneshæjar síðustu tvö árin.

Björgvin Árnason, einn eigenda og verslunarstjóri Bústoðar, sagði

að desember hafi gengið frábærla og aukningin 40% frá síðasta ári. „Já, þetta var frábært, mikil aukning og sama má segja um söluna í kringum Ljósanótt sem er einn af hápunktum ársins. Þetta var fyrsta árið hjá okkur nýjum eigendum og við erum bara mjög ánægðir með gang mála og ætlum að halda áfram á sömu braut og bjóða upp á mikið úrval af húsgögnum, rúmum og gjafavörum,“ sagði Björgvin.

Raforkugjöld áfram felld niður

HS Orka hefur ákveðið að framlengja niðurfellingu raforkugjalda til allra einstaklinga í Grindavík sem eru í viðskiptum við fyrirtækið en sú ákvörðun var upphaflega tekin í framhaldi af rýmingu bæjarins 10. nóvember síðastliðinn.

Grindvíkingar sem kaupa raforku af HS Orku hafa því ekki greitt fyrir raforku síðustu tvo mánuði og munu ekki gera um óákveðinn tíma.

Raforkunotkun frá HS Orku er innheimt sameiginlega með reikningum frá HS Veitum en dreifiveitan sér um innheimtu vegna sölu, dreifingar og flutnings á raforku og heitu vatni á grundvelli þjónustusamnings við HS Orku.

Hefurðu kynnt þér hvatagreiðslur fyrir 67 ára og eldri?



HEILSUEFLANDI samfélag

velliðan fyrir alla

Reykjaneshæjar niðurgreiðir nú íþrótt- og tómstundastarf íbúa 67 ára og eldri. Kynntu þér málið á reykjaneshajar.is



REYKJANESHAJAR
Í KRAFTI FJÖLBREYTIKANS